



**k**

**kjarninn**

17. útgáfa – 12. desember 2013 – vika 50

# ELSKAR AÐ VERA HÖTUÐ

Pörf er á 18 til  
20 þúsund störfum  
á fjórum árum

Óvægin umræða á  
netinu bitur ekkert  
á mig, segir Vigdís

Segir óvissu um  
skuldir sem „vinstrist-  
jörninn skildi eftir“

# Efnisyfirlit

17. útgáfa  
12. desember 2013  
vika 50



## VIÐSKIPTI

Zynga bauð milljarða í Plain Vanilla



## TOPP 5

Íslensk glæpamál sem yrðu frábærar kvikmyndir



## DANMÖRK

Dómsmálaráðherra Dana laug og sagði af sér

## PISTILL

„Veraldarvefurinn byggir á þessari tækni og hefur leitt til þjóðfélagsbreytinga sem engan óraði fyrir og eru stundum settar í sama flokk og uppgötvun prentlistarinnar eða iðnbyltingin.“

Svana Helen Björnsdóttir



## BÆKUR

Jólabækurnar til umfjöllunar



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Vigdís Hauksdóttir

## Bjartsýn á að landið rísi á næsta ári



## MARKAÐSMÁL

Innihaldið skiptir öllu máli



## BÍLAR

Setti Suzuki Samurai á tindinn



## EINU SINNI VAR

Létu lífið um borð af kulda og vosbúð



## LEIKLIST

Fetta Bretta vekur gríðarlega kátínu



## STJÓRNMÁL

Þingkona táraðist á þingflokksfundi

## ÁLIT

„Aðdragandi þjóðarsáttarsamninga árið 1990 var allangur, þróun sem stóð yfir í áratug. Verðbólgan fór í árslok 1979 upp í um 60%. Níunda áratuginn hækkuðu lágmarkslaun raf-iðnaðarmanna um 2.500%.“

Guðmundur Gunnarsson



## DÓMSMÁL

Ekki hægt að fá bætur vegna inn-stæðutryggingar



## VÍSINDI

Nýtt geimkapphlaup þegar hafið



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is

www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjóri: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.



NÝHERJI



# Bjart er yfir Borgartúni

Kláraðu kaupin í verslun okkar eða á **netverslun.is**



Snúðu spjaldtölvunni til að sjá myndir.

Nýherji / Sími 569 7700 / Borgartúni 37 / [netverslun.is](http://netverslun.is)

Kláraðu kaupin hér 



# Staðan á Íslandi í dag

Pórður Snær Júlíusson skrifar um hverjir græða og hverjir tapa við útteilingu gæðanna á Íslandi

**Á** Íslandi í dag er staðan þannig að ákvörðun var tekin um það á sumarþingi að lækka veiðigjald á útgerðir um 6,4 milljarða króna á næsta ári. Á sama tíma var ákveðið að hætta við gistináttaskatt sem hefði skilað 1,5 milljörðum króna í kassann. Það var forgangsatíði hjá ríkisstjórninni að ráðast í þessi verk efni. Þau voru framkvæmd á undan öllum öðrum. Þarna minnk-uðu tekjur ríkisins um 7,9 milljarða króna (en útgerðir, sem högnuðust um 80 milljarða króna að frádregnum veiðigjöldum en fyrir skatta og fjármagnskostnað árið 2012, og erlendir ferðamenn, sem hefur fjölgað úr 100 þúsund í 750 þúsund á rúmum áratug, græða).

Á Íslandi í dag er staðan þannig að ríkisstjórnin ætlar að setja makrílkvóta varanlega inn í kvótakerfið á næsta ári. Þar verður tekið mið af aflareynslu skipa. Markaðsvirði núverandi makríl-kvóta er tæplega 100 milljarðar króna. Ekki er að sjá að ríkis-stjórnin ætli sér að leigja eða bjóða upp þennan kvóta, sem gæti skilað tugmilljörðum króna í sameiginlega sjóði. (Allir tapa... nema útgerðin).

Á Íslandi í dag stendur til að framkvæma millifærslur upp á 80 milljarða króna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til fólks með verðtryggð húsnæðislán. Með því verða miklir fjármunir sem hefðu getað nýst öllum færðir til þess sem ríkis-stjórnin skilgreinir sem „millistéttina“. (Tæplega helmingur þjóðarinnar græðir, hinn rúmlega helmingur-inn tapar. Nema að aðgerðin valdi verðbólgu. Þá tapa allir.)

**„Á Íslandi í dag er staðan þannig að ríkisstjórnin ætlar að setja makríl-kvóta varanlega inn í kvótakerfið á næsta ári. Þar verður tekið mið af aflareynslu skipa. Markaðsvirði nú-verandi makrílkvóta er tæplega 100 milljarðar króna.“**

Á næsta ári á síðan að afnema auðlegðar-skatt sem síðasta ríkisstjórn kom á. Hann á að skila 9,1 milljarði króna í kassann 2014 en engu árið eftir. Héraðsdómur hefur reyndar komist að þeirri niðurstöðu að skatturinn sé lögmætur og standist stjórnarskrá. (Þeir sem eiga yfir 75 milljónir króna í hreina eign græða, aðrir tapa.)

Þrátt fyrir þennan fjáraustur og þessa eftirgjöf tekna ætlar ríkisstjórnin sér að reka ríkissjóð hallalausán á næstu árum. Hún ætlar sér reyndar að ná því markmiði strax árið 2014. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða auknar tekjur til að brúa það bil aðallega þrenns konar: tryggingagjöld eiga að skila meiru (atvinnulífið borgar), skattar á tekjur og hagnað sömuleiðis (almeningur borgar) og bankaskattur mun ná yfir fjármálafyrirtæki í slitameðferð til að sækja 11,3 milljarða króna í viðbót (kröfuhafar borga). Álögur á bú fallinna fjármála-fyrirtækja voru reyndar aukin um nokkra tugi milljarða króna í viðbót til að fjármagna kostnað ríkissjóðs af skuldaniðurfærslum. Deilur vegna lögmætis þess skatts stefna fyrir dómstóla.

Auk þess verður vaxtakostnaður ríkisins lækkaður um tíu milljarða króna með því að breyta skilmálum á skuldabréfi við Seðlabankann. (Seðlabankinn, og þar með eigendur hans (almeningur), borgar.) Þá var gerð niðurskurðarkrafa á RÚV upp á 500 milljónir króna á ári sem fækkaði störfum hjá RÚV um 60 (menning og fjölmiðlun liður fyrir vikið). Farið var fram á sparnað upp á rúma 1,5 milljarða króna hjá framhaldsskólum landsins og framlög til háskóla landsins lækkuð sjötta árið í röð (menntun versnar). Framlög til kvikmyndagerðar verða skorin niður um 40 prósent, eða um hátt í 400 milljónir króna (kvik-myndaiðnaðurinn tapar), dregið verður úr framlögum til átaks-verkefna vegna atvinnuleysis (atvinnulausir tapa) og framlög til Fjármálaeftirlits og Sérstaks saksóknara verða skert (eftirlit og hvítflibbarannsóknir líða fyrir). Listinn er alls ekki tæmandi.


Nú eru að líta dagsins ljós þær breytingar sem helst verða gerðar á fjárlagafrumvarpinu fyrir aðra umræðu þess. Þar stendur til að auka framlög til heilbrigðismála (allir græða). Til þess að ná því fram stendur ekki til að auka tekjur heldur að skera meira niður annars staðar. Fram hefur komið á undanförunum dögum að þar sé annars vegar um lækkun á vaxtabótum um 500 milljónir króna (húseigendur tapa) og með lækkun á framlagi til þróunarmála um 460 milljónir króna (fátækustu þegnar heimsins tapa). Um tíma stóð meira að segja til að lækka barnabætur (barnafjölskyldur hefðu tapað). Eða þar til ríkisstjórnin varð ósammála sjálfri sér.

Þetta er staðan. Finnst okkur hún í lagi?



**LEIÐARI**  
Þórður Snær  
Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

# GALLERÍ





### Mættu mótmælendum af hörku

Óeirðalögregla í Úkraínu mætti mótmælendum á Sjálfstæðistorginu í Kænugarði aðfaranótt miðvikudags. Mótmælendur hafa staðið á torginu síðustu viku og mótmælt áhrifum Rússa á Evrópusambandsaðild Úkraínu. Stjórnarandstaðingar hafa jafnframt verið duglegir við að kynna málstaðinn innanlands sem utan. Sérsveitir innanríkisráðuneytisins létu svo til skarar skriða eftir miðnætti og brutu upp mótmælin.

Mynd: AFP





### Vottar föllnum virðingu sína

Francois Hollande, forseti Frakklands, vottaði hermönnum tveimur sem féllu í átökum í Mið-Afríkulýðveldinu virðingu sína á þriðjudag, þar sem Frakkar standa nú í hernaði og reyna að koma böndum á trúarleg átök. Þegar hersveitir komu þangað á laugardag var landið á barmi borgarastríðs milli kristinna og íslamskra þjóðarbrotá. Laurent Fabius utanríkisráðherra segir markmiðið að afvopna íslamska vígamenn sem sakaðir eru um að hafa framið morð og rán undanfarna daga.

Mynd: AFP



질

MBN  
LIVE

통신

정관리체계 혼란

실값 매각한 매국행위

발전 유한 방해



과 제 00

코스피 1998.76 ▲18.2



### Lét frænda fjúka

Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreu, treysti völd sín í landinu enn frekar á dögnum þegar hann leysti frænda sinn Jang Song-taek undan öllum skyldum sínum. Yfirvöld í Norður-Kóreu segja Jang hafa verið hlaðinn syndum, því hann hafi verið spilltur, notað eiturylf og sótt á konur í sjúkum hug. Jang þessi er giftur föðursystur Kim Jong-un og starfaði sem yfirmaður framkvæmdaráðs Verkalýðsflokksins og varaformaður Þjóðarvarnarráðsins.

Mynd: AFP







## ORRI

### Dömu dúnúlpa

Okkar allra besta dúnúlpa hingað til,  
Hönnuð fyrir krefjandi íslenska veðráttu.

Tveir jakkar í einum

(Hægt er að smella dúnlóðni úr úlpunni)

Dúnn 90/10, 100% Nylon

5.000mm vatnsheldni

5.000gr útdúndun

Dúnúlpa sem er ómissandi  
fyrir alla þá sem gera kröfur



## Lifðu

**ZO•ON**  
ICELAND

ZO-ON Iceland, Factory Store Nýbýlavegi 6

ZO-ON Iceland, Kringlan

ZO-ON Iceland, Bankastræti

[www.zo-on.is](http://www.zo-on.is)



### **Litla systir Surtseyjar**

Í Ogasawara-eyjaklasanum suður af Japan hefur myndast ný eyja eftir neðansjávareldgos sem staðið hefur undanfarnar vikur. Nýja eyjan rís úr hafinu rétt undan strönd Nishinoshima, óbyggðrar smáeyju. Eldfjallafræðingurinn Ito Hiroshi segir líklegt að eyjan muni láta undan ágangi sjávar. Ekki er talið að eldgos hafi orðið á þessu svæði síðan á áttunda áratug síðustu aldar en mesta eldvirknin er neðansjávar og erfitt að greina hana.

Mynd: AFP





### Eins og ástsjúkir smástrákar með Helle

Leiðtogum hins vestræna heims, þeim David Cameron forsætisráðherra Bretlands og Barack Obama forseta Bandaríkjanna, þótti ekki leiðinlegt að hitta danska forsætisráðherrann Helle Thorning-Schmidt á minningarathöfn um Nelson Mandela í Jóhannesarborg á þriðjudag. Þau sátu saman og Schmidt tók upp símann og smeltti af sjálfsmýnd, á meðan Obama og Cameron hölluðu sér nær henni. Michelle Obama þótti hegðunin ekki við hæfi.

Mynd: AFP





# Plain Vanilla hafnaði risatilboði

## VIÐSKIPTI

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

**B**andaríska tölvuleikjafyrirtækið Zynga hefur tvívegis gert yfirtökutilboð í íslenska leikjaframleiðandann Plain Vanilla á undanförnum vikum. Fyrra tilboðið, sem var lagt fram fyrir um tveimur vikum, hljóðaði upp á 100 milljónir dala, tæplega tólf milljarða króna. Því var hafnað. Forsvarsmenn Zynga komu síðan til Íslands um liðna helgi til að gera nýja tilraun til að ganga frá yfirtöku á Plain Vanilla. Heimilidir Kjarnans herma að þá hafi tilboðið verið hækkað umtalsvert en forsvarsmenn Plain Vanilla hafi samt sem áður hafnað því. Þar hafi ekki einungis verið ráðið ferðinni heldur líka faglegur ágreiningur um hvert stefna ætti með aðalvöru Plain Vanilla, spurningaleikinn QuizUp. Þorsteinn Baldur Friðriksson, stofnandi og framkvæmdastjóri Plain Vanilla, vildi ekki tjá sig um málið þegar Kjarninn leitaði eftir því.

### QuizUp slegið í gegn

Uppgangur Plain Vanilla á undanförunum mánuðum hefur verið gríðarlegur. Hinn 7. nóvember síðastliðinn hleypti fyrirtækið af stokkunum QuizUp, spurningaleik fyrir iPhone og iPad, sem er sá vinsælasti sinnar tegundar í heiminum. Hann inniheldur tæplega þrjú hundruð efnisflokka og meira en 100 þúsund spurningar. Og leikurinn er frír.

Leikurinn sló, vægt til orða tekið, í gegn.

Á rúmum mánuði hafa yfir fjórar milljónir manna náð sér í hann. Hann var um tíma vinsælasti app-tölvuleikur í heiminum. Vert er að hafa í huga að útgáfa af honum fyrir snjalltæki sem ganga fyrir Android-stýrikerfinu er væntanleg á markað. Þá mun væntanlegur kúnnahópur QuizUp stækka margfalt.

### Hefðu margfaldað fjárfestingu sína

Skömmu áður en QuizUp var settur í loftið fjárfesti bandaríska fjárfestingasjóðurinn Sequoia Capital tvær milljónir dala, um 240 milljónir króna, í Plain Vanilla. Sequoia fjárfesti meðal annars í Google og Instagram á árdögum þeirra fyrirtækja. Alls hafa áhættu-fjárfestar lagt 5,6 milljónir dala í Plain Vanilla en á meðal annarra fjárfesta í fyrirtækinu eru Davíð Helgason, Greycroft Partners (sem hefur meðal annars fjárfest í Huffington Post), Tencent og Crunchfund (sem hefur meðal annars fjárfest í Tumblr). Ólafur Jóhann Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá TimeWarner og rithöfundur, er einnig á meðal hluthafa. Auk þess á hluti starfsmanna hlut í fyrirtækinu. Á meðal þeirra eru framkvæmdastjórinn Þorsteinn og Ýmir Örn Finnbogason, fjármála-

stjóri fyrirtækisins. Ljóst er að ef tilboði Zynga hefði verið tekið hefðu allir fjárfestar margfaldað fjárfestingu sína.

Vegna þeirrar velgengni sem Plain Vanilla hefur notið að undanförunu hefur þurft að bæta vel við starfseminu. Á skömmum tíma hefur starfsmönnum fjölgað úr 13 í 33 og enn er auglýst eftir umsóknum í nokkrar stöður á heimasíðu fyrirtækisins.

## ZYNGA KEYPTI DRAW SOMETHING Í FYRRA Á 183 MILLJÓNIR DALA

Zynga er bandarískt tölvuleikjafyrirtæki sem var stofnað um mitt ár 2007. Vöxtur þess hefur verið ævintýrlegur. Þar skiptir velgengni leiksins FarmVille mestu, en hann var lengi langmest spilaði tölvuleikurinn á samfélagsmiðlum. Zynga var skráð á bandarískan hlutabréfamarkað í desember 2011 á tíu dali á hluta. Gengið hefur fallið töluvert síðan og var í gær um 4,15 dalir á hlut. Margir greinendur og blaðamenn hafa véfengt hversu gott viðskiptamódel Zynga sé.

Það hefur hins vegar ekki staðið í vegi fyrir vexti Zynga. Fyrirtækið hefur fært út kvíarnar víða og einbeitt sér sérstaklega að borðleikjum, veðmálastarfsemi á netinu og app-leikjum. Zynga keypti til að mynda fyrirtækið OMGPOP í fyrra eftir að leikurinn Draw Something, sem OMGPOP bjó til, sló í gegn á snjalltækjum. Alls greiddi Zynga 183 milljónir dala, um 21,5 milljarða króna, fyrir OMGPOP. Vinsældir Draw Something féllu skömmu síðar og Zynga hefur þegar fært niður virði OMGPOP um helming. Auk þess hafa margir þeirra starfsmanna OMGPOP sem fylgdu með í kaupunum yfirgefið skútuna. Þeirra á meðal er Dan Porter, stofnandi OMGPOP.

**Tal**

LÚXUSNET TALS

---

# Gleðilegt Netflix og farsælt komandi Hulu.

Jólatilboð fyrir viðskiptavini Tals.

---



10.000 kr.  
afsláttur fyrir  
viðskiptavini  
Tals

iPad mini 16GB Wi-Fi  
**44.900 kr.**

Fullt verð 54.900 kr.



25%  
afsláttur fyrir  
viðskiptavini  
Tals

AppleTV  
**17.175 kr.**

Fullt verð 22.900

# Taldi sig svikna á þingflokksfundi og táraðist

## STJÓRNMÁL

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**E**lsa Lára Arnardóttir þingkona táraðist á þingflokksfundi Framsóknarflokksins á mánudaginn og sendi þingmönnum flokksins dramatískt bréf, þar sem hún lýsti yfir vonbrigðum sínum með skuldaniðurfellingatillögurnar sem kynntar voru 30. nóvember og sagðist hafa þá tilfinningu að hún hefði verið svikin. Hún sagðist jafnframt eiga erfitt með að ræða þessi mál við kjósendur í sínu kjördæmi, ekki síst heimabæ sínum Akranesi, sem margir hverjir hefðu verið með miklu meiri væntingar um skuldaniðurfellingar. Samkvæmt heimildum Kjarnans var nokkuð dramatískt

„Elsa Lára sagði á þingflokksfundinum að margir flokksmanna hefðu bundið vonir við að skuldir yrðu lækkaðar mun meira en áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir.“

andrúmsloft á fundinum, þar sem skuldaniðurfellingartillögurnar voru til umræðu, sem og hugmyndir um að minnka til muna barna- og vaxtabótagreiðslur og styrkja í staðinn heilbrigðiskerfið. Þessu voru þingmenn Framsóknarflokksins ekki hrifnir af að langstærstum hluta og ræddu um nauðsyn þess að breyta þessu, samkvæmt heimildum Kjarnans.

### **Margir vildu að lengra yrði gengið**

Áætlunin sem kynnt var í lok nóvember undir yfirskriftinni Leiðréttingin gerir ráð fyrir að samtals muni 80 milljarðar fara úr ríkissjóði til þess að lækka verðtryggðar húsnæðislánaskuldir og 70 milljarðar til viðbótar eru skráðir sem heildarumfang aðgerðar sem gerir fólki kleift að greiða séreignarsparnað innan á húsnæðislán sín, gegn skattafslætti. Aðgerðirnar eru valkvæðar og því óljóst hversu mikið umfang aðgerðanna verður þegar upp verður staðið, en þær dreifast yfir fjögur ár.

Elsa Lára sagði á þingflokksfundinum, samkvæmt heimildum Kjarnans, að margir flokksmanna hefðu bundið vonir við að skuldir yrðu lækkaðar mun meira en áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir. Hún sagðist skynja þetta á samtölum við flokksmenn. Aðrir þingmenn flokksins hafa þó fagnað aðgerðunum og sagt þær góðar og í takt við það sem uppálagt var fyrir kosningarnar í vor, og hefur Sigrún Magnúsdóttir, formaður þingflokksins, meðal annars látið hafa eftir sér að þingflokkurinn fagni þessum aðgerðum.

### **Deilt um fjárlög**

Mikill titringur var í þingflokki Framsóknarflokksins þegar tillögur voru lagðar fram um breytingar á fjárlagafrumvarpinu fyrir 2. umræðu um það. Í skjali sem Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra kynnti fyrir fjárlaganefnd 6. desember, kemur fram að breytingar á fjárlagafrumvarpinu miði meðal annars að því að skera niður framlög til þróunarmála upp á 700 milljónir króna og barnabætur upp á 300. Þá er tekið fram að framlög í vaxtabætur og

## FJALLAÐI OPINBERLEGA UM PERSÓNULEG FJÁRMÁL SÍN

Elsa Lára Arnardóttir er eini þingmaðurinn á þingi núna sem hefur fjallað mjög ítarlega um persónuleg fjármál sín, en það gerði hún meðal annars í viðtali við Stöð 2 í ágúst á þessu ári.

Í viðtali greindi hún frá því að hún hefði ásamt eiginmanni sínum tekið 26 milljóna króna verðtryggt lán fyrir foheldu húsnæði árið 2006. Það hefði verið komið í 39 milljónir króna þegar hún kom í viðtalið. Hún og maður hennar fóru svo

í gegnum hina svokölluðu 110 prósentu leið þar sem skuldir voru lækkaðar niður í sem nam 110 prósentum af markaðsvirði. Enginn annar þingmaður sem nú á sæti á þingi hefur fjallað sjálfur með jafn ítarlegum hætti um persónuleg fjármál sín. Vefsíðan Svipan.is birti í fyrra upplýsingar um verðlánaskuldbindingar þingmanna en það var ekki að frumkvæði þingmanna sjálfra, eins og var í tilfelli Elsu Láru.

starfsendurhæfingarsjóði verði lækkuð um 295 milljónir.

Þessa fjármuni á að nota til hækkunar framlaga til Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri, samtals um 3,5 milljarða króna, 1,9 milljarða til Landspítalans og 1,6 milljarða til Sjúkrahússins á Akureyri. Skjalið má sjá hér til hliðar, en tengill er inn á það þar sem það er birt á kjarninn.is.

Margir þingmanna Framsóknarflokksins lýstu yfir vonbrigðum sínum með þessar tillögur og töldu þær ekki skynsamlegar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra greip inn í þessa atburðarás á þriðjudag, og sagði það ekki koma til greina að skera niður barnabætur, þrátt fyrir tillögu fjármála- og efnahagsráðherra um annað. Frekar þyrftu öll ráðuneyti að taka á sig meiri niðurskurð. Fjárlaganefnd á síðan eftir að komast að endanlegri niðurstöðu hvað þessi mál varðar.

k

Smelltu til að sjá breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir aðra umræðu





TOPP 5

# Glæpir sem yrðu frábærar kvikmyndir

**TOPP 5**  
Þórður Snær Júlíusson  
[thordur@kjarninn.is](mailto:thordur@kjarninn.is)

**I** Hollywood er vel þekkt að gera kvikmyndir eftir sönnum sögum. Þar þykja safaríkustu bitarnir oftast en ekki vera sögur sem byggja á sönnum glæpum. Það hefur ekki tíðkast að gera slíkar myndir sem byggja á íslenskum glæpum. Undantekningar eru frá þeirri reglu. Í kvikmyndinni Svartur á leik eru aðalsöguhetjurnar til dæmis látnar fremja glæpi sem eru eftirlíking af raunverulegum glæpum. Auk þess hafa sjónvarpsþættirnir Sönn íslensk sakamál fjallað um nokkuð mörg glæpamál með stakri þrýði. Kjarninn tók saman fimm íslensk glæpamál sem eiga það öllu sameiginlegt að handrit að kvikmynd um þau myndi skrifa sig sjálf.



# TEKNIR

## Neitar að gefa upp nafn höfuðpoursins

Einar Jökull Einarsson neitaði fyrir dómi að gefa upp nafn mannsins sem bæð hann um að flytja fíkniefni landsins. Aðalmeðferð í Pólstjórnumálinu lauk í gær og hafa allir mennirnir sem ákærðir eru játað aðild sína.

**DÓMMAÐ** Einar Jökull Einarsson, aðalmeðferð, neitaði við Reykjavíkardómi í höfuðdómi nafn mannsins sem hann segir tilraun á málum magni verknaðs. Jökull játaði að hafa skipulagt innflutninginn og fengið aðgerðir.

29 ára Kópavogsbúi, neitaði við Höfuðdómi nafn mannsins sem hann segir tilraun á málum magni verknaðs. Jökull játaði að hafa skipulagt innflutninginn og fengið aðgerðir.

## Pólstjórnumálið: Vafasamasta Íslandsmetið

Í september 2007 sigldi löskuð seglskúta, Pólstjarnan, inn í Fáskrúðsfjarðarhöfn. Um borð voru tveir menn, Guðbjarni Traustason og Alvar Óskarsson. Skömmu eftir að skútan lagðist við höfnina byrjuðu sírenur að blikka og fjöldi sérsveitarmanna stökk fram og handtók mennina tvo ásamt þriðja manningnum sem hafði komið til móts við þá á bílaleigubíl. Síðar kom í ljós að lögreglan á Íslandi hafði, í samstarfi við lögregluembætti í öðrum löndum, fylgst með ferðum manna og samstarfsmanna þeirra frá því í lok árs 2006. Um borð í skútunni voru alls 23,5 kíló af amfetamíni, tæp 14 kíló af MDMA-dufti og 1.746 MDMA-töflur. Þetta var stærsta fíkniefnasmygl Íslandssögunnar.

voru Einar Jökull Einarsson, sem var ákærður fyrir að skipuleggja smyglið, Arnar Gústafsson, Bjarni Hrafnkelsson og Marinó Einar Árnason ákærðir fyrir að taka þátt í glæpnum. Auk þess var einn maður handtekinn og dæmdur í Færeyjum fyrir aðkomu að málinu. Grunur lék á að annar höfuðpaur hefði skipulagt og fjármagnað innflutninginn, en Einar Jökull neitaði að upplýsa um hver það væri. Í réttarhöldunum spurði dómari málsins Einar Jökul að því hvernig honum hefði dottið í hug að fá menn til þess að sigla lítilli seglskútu út á opið haf í miðjum september? Einar Jökull sagði að það hefði ekki verið mikið mál. „Þetta þolir allan andskotann.“

Skútunni hafði verið siglt yfir Atlants-hafið af þeim Guðbjarna og Alvari. Þeir voru þó ekki einir að verki. Auk þeirra

Mennirnir voru dæmdir í 18 mánaða til níu og hálfis árs fangelsi. Einar Jökull fékk þyngsta dóminn.



# Kio Briggs: Ljóðrænt réttlæti

Í september 1998 dúkkaði risavaxinn breskur maður að nafni Kio Alexander Ayobambe Briggs upp í Leifsstöð. Hann var að koma frá Benidorm og reyndist vera með 2.031 e-töflu í farangri sínum. Kio hélt því fram að íslenskur maður, Guðmundur Ingi Þóroddsson, hefði komið fíkniefnunum fyrir í töskunni án hans vitneskju. Guðmundur Ingi neitaði því en viðurkenndi í vitnastúku við aðalmeðferð málsins að hafa hringt í lögreglumann á Íslandi og greint honum frá upplýsingum um fíkniefnasmyglið í þeirri von að fá ívilnun lögreglunnar í öðru máli sem að honum sneri. Þessi aðferðarfræði Guðmundar var reyndar sérkennileg, þar sem þegar var fallinn dómur í því máli.

Kio var dæmdur í sjö ára fangelsi í mars 1999. Annmarkar voru hins vegar á málsmeðferðinni og málið tekið upp aftur. Á meðan gekk Kio laus en sætti farbanni. Hann var mjög áberandi á Íslandi á þeim tíma. Fór í viðtöl, var virkur í skemmtanálífinu og tók þátt í kraftakeppnum. Kio var á endanum sýknaður bæði af héraðsdómi og hæstarétti og fagnaði þeirri niðurstöðu gríðarlega. Í kjölfarið fór hann í mál við íslenska ríkið og krafðist 27 milljóna króna í skaðabætur fyrir frelsissviptinu. Áður en málið var dómtekið hafði Kio hins vegar verið handtekinn á ný, nú í Danmörku, með um 800 e-töflur í fórum sínum. Hann tapaði málinu gegn íslenska ríkinu og ekkert hefur spurst til hans síðan.

# Öskjuhlíðarmafían



Ágæti, þegar það varð til úr rísi- um Grænmetisvæðslunni, landsbús- aðrinu, og þar starfaði Matthías frá 1991 til 2000 en er nú starfamaður Netverka.

Matthías er sagður hægur og ró- legur og beinildarmann sem þráir ólíklegt að hann hafi stýrt fram- kvæði í mestu ólögsmættu skali en á ný veris leiðtálar.

Þó margt hafi verið skrifað um þessa málið, þá er þetta í raun einn af þeim stórum málum sem verður að- efnis lafnað við dönnuð einokun- arkaupmennina í vaxtaeignar- vörum. Þetta er einn af þeim málum sem hefur verið til að fela hjóla á lírsmátt og skapandi.

**Don Haraldsson**  
En hvaða menn voru þetta sem voru að líkast um hlöðna með upp- breyta frakkakjör, þakkaði saman um grænmeti?  
Pálmi Haraldsson er 41 árs að aldri og hefur verið framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna frá því árum. Pálmi er fjöldiur og alinn upp í

Reykjavík frá 11 með gjafu. Pálmi tala, övum skiptum menn. Hann átti einnig áttíu SPG á hvern einn með ávinstyrki.

**Samkeppnisstofnun beitir okkur órétti**

Pálmi Haraldsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir að félagið hafi verið beitt órétti af hálfu Samkeppnisstofnunar. Hann segir að SFG hafi tekið umsigðisþöknun vegna. Hann segir í samtali við **Egill Ólafsson** að bændur myndi að mega mynda með sér samtök um sölu á vöru sínu til þeirra tveggja aðila sem ræða 90% af

## Grænmetismafían

Á tíunda áratugnum var íslenskt við- skiptalíf ekki orðið jafn goslegt og það varð á þeim fyrsta eftir aldamót. Íslenskir kaupþýslumenn voru ekki orðnir jafn stór- huga í þeim leiðum sem þeir völdu til að komast yfir meiri peninga og völd. Helstu brotin sem framin voru á þessum tíma voru samráðsbrot. Og það myndast var grænmetisamráðið.

Árið 1995 náðu Sölufélag garðyrkju- manna og tengd fyrirtæki samkomulag við Ágæti og Mötu um viðtækt ólögsmætt verðsamráð og markaðsskiptingu í við- skiptum sínum með grænmeti, kartöflur og ávexti. Samkeppnisyfírvöld komust síðar að þeirri niðurstöðu að þessir aðilar

hefðu myndað með sér nokkrus konar einokunarhring með það að markmiði að draga úr samkeppni sín á milli og hækka verð á þessum vörum.

Meðal annars hittust Pálmi Haraldsson, þá framkvæmdastjóri Sölufélagsins, og Gunnar Gíslason, framkvæmdastjóri Mötu, á fundi í Öskjuhlíðinni til að ræða fyrir- huguð kaup á samkeppnisaðilanum Ágæti. Vegna þessa fundar, sem var haldinn á þessum sérkennilega stað, voru stjórnendur grænmetisgeirans kallaðir „Grænmetis- mafían“ í fjölmiðlum. Það er þrýðilegt nafn á illa fjármagnaðri B-mynd sem myndi lík- ast til fara beint á spólu. Nokkuð ljóst er að Eric Roberts myndi leika Pálma Haraldsson.

## Svalaði kynlífsfíkn í skjóli trausts og trúar

Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður Byrgisins, átti árið 1996 fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands í gær fyrir kynlífsfíkn og fyrirverandi skjólstæðingur Byrgisins.

## Byrgismál til saksóknara

Grannur um fjárevik, bókhaldsbrot, óráðsá og alvarleg brot á skólastöðum ■ Rannsóknin hefur stöðubýr í tæp tvö ár

## Kompás fjallar um kynlífsathafnir Guðmundar í Byrginu með skjólstæðingum: Segir Guð lækna í gegnum sig



GUÐMUNDUR JÓNSSON Kompás hefur sarrátt fyrir því að Guðmundur læti skjólstæðinga til kynlífsathafna.

# Byrgið: Jesús, peningar, kynferðisbrot og kúrekahattur

Guðmundur Jónsson, síðar ávallt kallaður Guðmundur í Byrginu, stofnaði ásamt öðrum kristilega meðferðarheimilið Byrgið fyrir heimilislausa vímuefnasjúklinga, spilaflka og fólk með ýmsar persónuleikaraskanir í desember 1996. Guðmundi gekk vel að ota Byrgistotanum og fékk töluverða athygli, enda hafði hann sérstakt útlit. Var með tagl og gekk iðulega um með kúrekahatt.

Þessi eljusemi Guðmundar leiddi til þess að Byrgið fékk aðstöðu undir starfsemi sína, meðal annars í Rockville á Miðnesheiði og síðar á Efri-Brú í Grímsnesi. Auk þess unnu margir sjálfboðaliðar fyrir Byrgið og miklir fjármunir streymdu til þess frá bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Auk þess styrkti ríkissjóður Byrgið um að minnsta kosti 226 milljónir króna. Vistmenn greiddu þess utan fyrir vistina. Fåa grunaði að pottur væri brotinn í starfseminni. Hún var meðal annars tilnefnd til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins árið 2006 og fangar voru vistaðir þar.

Í desember 2006 var sendur út fréttaskýringaþátturinn Kompás um Byrgið og ásakanir á hendur Guðmundi um stórfellt fjármálamisferli og kynferðislegt samneyti við vistmenn lagðar fram. Guðmundur harðneitaði sök en mánuði síðar skilaði Ríkisendurskoðun úttekt sem sýndi fram á að fjármunir hefðu sannarlega verið notaði til einkaútgjalda. Sama dag var Byrginu lokað. Þá höfðu nokkrar konur sem voru fyrrverandi vistmenn í Byrginu kært Guðmund fyrir kynferðislega misbeitingu og nauðgun. Hann neitaði þeim ásökunum einnig en um miðjan janúar 2007 lak á netið myndband sem sýndi Guðmund og eina kvennanna í kynlífsleikjum. Viðbrögð Guðmundar voru að hóta því að kæra konuna fyrir nauðgun. Hann sagði hana hafabyrtað sér smjörσύru.

Guðmundur var á endanum dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot í starfi. Hæstiréttur mildaði dóminn um hálf tveimur árum. Hann var einnig ákærður og dæmdur fyrir stórfelldan fjárdrátt og umboðssvik.

#1



## Líkfundarmálið: Hin íslenska Fargo

Eitt mánudagskvöld í febrúar 2004 kom Vaidas Jucevicius til Íslands frá Litháen, með millilendingu í Kaupmannahöfn. Innvortis var hann með 61 þakkningu af metamfetamíni, alls 223,67 grömm, sem hann hafði gleypt áður en hann lagði af stað. Í Leifsstöð ætluðu þrír menn: Jónas Ingi Ragnarsson, Grétar Sigurðsson og Tomas Malakauskas, að taka á móti honum. Þeir höfðu skipulagt smygl fíkniefnanna ásamt eiturlyfjaring í Litháen í nokkur tíma. Jónas hélt á spjaldi með nafni Vaidasar í móttökusalnum, en samt fóru þeir á mis. Vaidas kom sér til Reykjavíkur og hitti þar mennina, sem óku með hann í rólegt íbúðahverfi í Kópavogi. Skömmu síðar veiktist Vaidas herfilega vegna þess að fíkniefnaspakkningarnar stifluðu mjógirni hans og gengu ekki niður. Fjórum dögum eftir að hann lenti í Keflavík var Vaidas látinn vegna þessa.

Atburðarásin þar á eftir er ævintýrleg. Einn mannanna stakk upp á því að fjarlægja efnin úr líkinu en hinir tóku það ekki í mál. Mennirnir settu þá lík Vaidasar í plastpoka, vöfðu það í teppi og þeir Jónas

Ingi og Tomas óku síðan með það austur á Djúpvog í jeppa sem þeir höfðu leigt. Þar urðu þeir veðurtepptir í tvo daga, með líkið í skottinu. Ferðinni var heitið á Norðfjörð, þaðan sem Grétar er. Hann flaug þangað sjálfur. Þegar komið var til Norðfjarðar var jörð frosin og engin leið að grafa líkið. Mennirnir ákváðu því að kasta því í sjóinn, en fyrst stungu þeir það fimm sinnum í þeirri von að líkið myndi sökkva. Þremur dögum síðar var kafari fyrir tilviljun við störf við bryggjuna þar sem Vaidas lá í votri gröf. Skip hafði rekist á bryggjuna einhverju áður og kafarinn var að kanna skemmdir á henni. Fyrir algjöra tilviljun fann hann líkið.

Nú dögum eftir að líkið fannst voru Jónas Ingi, Grétar og Tomas handteknir. Þeir voru síðar dæmdir í tveggja og hálfis árs fangelsi hver fyrir innflutning á fíkniefnum, fyrir að koma Vaidasi ekki til aðstoðar í neyð og fyrir illa meðferð á líkinu. Jónas komst aftur í fréttirnar árið 2010 þegar hann var dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir að setja upp í samstarfi við aðra eina fullkornustu amfetamínverksmiðju sem fundist hefur hérlendis.

GEYFI  
UM JÓNA  
SÍÐUR




+ icelandair.is



ICELANDAIR



# Nelson Mandela: Ferðalok



**1918-2013**





**R**olihlahla Mandela, einnig þekktur sem Nelson Mandela, lést fimmtudaginn 5. nóvember, 95 ára að aldri. Hann er almennt talinn vera faðir lýðræðisins í Suður-Afríku, jafnvel frelsari suður-afrísku þjóðarinnar. Um allan heim hefur hann jafnframt hlotið viðurkenningar fyrir frumkvæði sitt í upp-reisninni gegn aðskilnaðarstefnunni, þar sem manneskjur voru skildar að sökum hörundslitar, í Suður-Afríku á árunum 1948-1994. Fyrir hlutdeild sína í baráttunni gegn aðskilnaðinum sat Mandela í fangelsi í meira en 27 ár og varð þar að andliti og helsta leiðtoga baráttunnar. „Þjóð okkar horfir á eftir sínum dádasta syni. Samfélag okkar horfir á eftir föður sínum,“ sagði Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, þegar hann tilkynnti andlát Mandela.

Mandela fæddist hinn 18. júlí 1918. Hann var síðar nefndur Nelson af kennara sínum en öll afrísk börn fengu á þeim tíma einnig vestrænt nafn. Mandela var tengdur konungsætt Xhosa-ættbálksins, sem var vel stæð, og gat því komið sér til mennta. Mandela lagði stund á lögfræði og árið 1944 varð hann félagi í Afríska þjóðarráðinu (ANC), stjórn mála-samtökum sem hann fylgdi alla tíð.

### **Friðsöm barátta í fyrstu**

Samtökin höfðu verið stofnuð árið 1912 og beitt sér fyrir auknum réttindum meirihluta þjóðarinnar en með litlum árangri. Í upphafi fjórða áratugarins fóru stofnendur ANC síðan að horfa til annarra stjórn málasamtaka, Natal Indian Congress (NIC) sem voru stofnuð 1894 og börðust fyrir réttindum Indverja í Suður-Afríku með góðum árangri. Eitt helsta vopn þeirra samtaka hafði verið borgaraleg óhlýðni – en stofnandi og hugmyndasmiður NIC var Mahatma nokkur Gandhi.

Mandela gekk vel að koma sér fyrir innan ANC. Honum var sett það verkefni að stofna og móta ungliðahreyfingu flokksins, en með því varð flokkurinn að eiginlegri fjölda-hreyfingu. Vitundarvakning um frelsi, sjálfsákvörðunarrétt og mannréttindi í kjölfar loka seinni heimsstyrjaldarinnar undirbjó einnig jarðveginn fyrir starf hans. En árið

## FRELSISSÁTTMÁLINN

Frelsissáttmálinn er sérstakur fyrir þær sakir að í honum er talað um Suður-Afríku sem land allra, óháð kynþætti, og er það enn grundvöllur ANC. Hann var unninn með mörgum öðrum samtökum, þar á meðal South African Indian Congress. Eftir

birtingu sáttmálans klauf sig úr ANC hópur sem síðar kallaði sig Pan Africanist Congress. Á ráðstefnunni þar sem sáttmálinn var kynntur réðist lögregla inn og ákærði forystumenn samtakanna fyrir landráð – sem þeir voru að loknum sýknaðir af árið 1961.

1948 komst Þjóðarflokkurinn til valda í Suður-Afríku – í kosningum þar sem kjósendur voru nær eingöngu hvítir – og aðskilnaðarstefnan varð að veruleika.

Ungliðahreyfing ANC hófst þá þegar handa, ásamt fleiri flokkum, við gerð aðgerðaáætlunar um borgaralega óhlýðni, að fyrirmynd NIC. Með aðgerðaáætlunina að leiðarljósi hófst síðan röð mótmælaaðgerða, verkfalla og sitjandi mótmæla – sem öll fóru fram án ofbeldis. Árið 1955 birti ANC síðan Frelsissáttmálann (e. Charter of Freedom) sem enn er grundvöllur ANC.



### Hörð mótmæli

Baráttan gegn aðskilnaðinum stóð lengi yfir og alla tíð á meðan Mandela sat í fangelsi.

órólegt og hróp voru gerð að lögreglunni, passar brenndir og grjóti kastað í lögreglustöðina – enda voru allir mótmælendur óvopnaðir. Lögreglumennirnir á stöðinni óttuðust um líf sitt og kölluðu eftir liðsauka. Þeir hófu síðan skothríð

### Sharpeville

Yfirvöld í Suður-Afríku starfræktu sérstakt passakerfi til þess að hafa eftirlit með og stjórn á ferðum allra sem ekki voru hvítir. ANC hafði skipulagt mótmæli vegna kerfisins við lögreglustöðina í Sharpeville en klofningssamtökin Pan Africanist Congress (PAC) ákváðu að halda sín eigin mótmæli og það tíu dögum fyrr. Hinn 21. mars 1960 söfnuðust fleiri þúsund manns saman við lögreglustöðina. Ástandið varð fljótt

á mótmælendur með þeim afleiðingum að 69 létust og hátt í 200 særðust. Margir virtust hafa verið skotnir í bakið á hlaupum undan lögreglu.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og mótmæli, óeirðir og verkföll gengu yfir gervalla Suður-Afríku næstu daga. Alþjóðasamfélagið tók við sér og Sameinuðu þjóðirnar fordæmdu atvikið, sem í dag er kallað fjöldamorðið í Sharpeville. Í kjölfarið skipti Mandela um skoðun á bestu aðferð til árangurs – vopnuð barátta við stjórnvöld væri nauðsynleg. Hann stofnaði því „Umkhonto we Sizwe“ (Spjót þjóðarinnar), vopnaðan arm ANC, sem hóf langvinna skemmdarverkaherferð gegn stjórnvöldum. Í kjölfar þessa atburða voru bæði ANC og PAC voru bannaðir, Mandela handtekinn vegna aðildar sinnar að Spjóti þjóðarinnar og hann að lokum dæmdur í lífstíðarfangelsi.

## Vendipunktur í lífi Mandela

1918–2013

- 1918** Fæðist í Mvezo-þorpi 18. júlí
- 1951** Kjörinn forseti Ungmennadeildar Afríska þjóðarráðsins
- 1952** Kjörinn forseti þjóðarráðsins
- 1952** Opnar lögfræðistofu fyrir svarta með Oliver Tambo
- 1960** Fjöldamorðin í Sharpeville
- 1961** Fer í felur og stofnar Spjót þjóðarinnar
- 1962** Fimm ára fangelsisdómur fyrir ögranir og að fara úr landi án vegabréfs
- 1964** Dæmdur í lífstíðarfangelsi og sendur á Robben-eyju
- 1990** Látinn laus úr fangelsi af de Klerk
- 1993** Hlýtur Friðarverðlaun Nóbels
- 1994** Verður forseti Suður-Afríku
- 1999** Lætur af forsetaembætti
- 2013** Andast í Jóhannesborg 5. desember

## Fangelsisdvölin

En Mandela sat ekki eirðarlaus í fangelsi. Hann barðist fyrir réttindum samfanga sinna og lagði stund á frekara lögfræðinám. Þá fór hann að læra tungumál hvíta minnihlutans og fangavarða sinna, afrikaans, til þess að geta átt við þá betri samskipti og vonandi einhvern tímann sannfært þá um ágæti málstaðar síns.

Í upphafi níunda áratugarins jókst óróinn í Suður-Afríku jafnt og þétt. Alþjóðasamfélagið varð enn háværra í kröfum sínum um að yfirvöld ættu að leysa Mandela úr haldi og alþjóðlegar fjármálastofnanir drógu úr eða hættu alfarið fjárfestingum í landinu. Kreppan

var komin og árið 1985 settu stjórnvöld á neyðarlög til þess að takast á við ítrekuð mótmæli og óeirðir meirihlutans. Mandela fór þá sjálfur að leita funda við stjórnvöld og átti hann þó nokkra leynifundi með þeim á meðan hann var enn í fangelsi.



### Baráttunni ekki lokið

Nelson Mandela yfirgaf fangelsið eins og hann fór þangað fyrst; með krepptan hnefa á lofti, tákn andspyrnunnar. Á níunda áratugnum var honum boðin laus úr fangelsi gegn því að hann héti því að hætta baráttunni. Mandela hafnaði því og svaraði því til að aðeins frjálsir menn gætu samið um frelsi sitt.

Mynd: AFP

## Endalok aðskilnaðarstefnunnar

Árið 1989 tók Frederik Willem de Klerk við embætti forseta Suður-Afríku. Hann var talinn vera meðal íhaldssamra meðlima í Þjóðarflokkinum og jafnvel var búist við enn meiri hörku í baráttunni við ANC frá honum. En de Klerk áttaði sig fljótt á stöðu landsins og hóf þegar viðræður við Mandela. De Klerk gekk að öllum kröfum hans og 2. febrúar 1990 var Mandela látinn laus og banni á starfsemi ANC

aflétt. Við tóku langar viðræður um framtíðarfyrikomulag mála í Suður-Afríku sem enduðu árið 1994 með fyrstu almennu lýðræðislegu kosningunum í sögu Suður-Afríku.

Nýkjörin stjórnvöld, með Mandela í broddi fylkingar, komu á fót sannleiks- og sáttanefnd, sem var gefið það hlutverk að rannsaka mannréttindabrot á tímum aðskilnaðarstefnunnar. Eitt það merkilegasta var að gegn vitnisburði fyrir nefndinni var hægt að biðja um að fá uppgefnað sakir. Ríki sem hafa lent í miklum innbyrðis átökum, til að mynda Líbería, hafa nýtt sér sams konar nefndir til þess að takast á við erfiðustu úrlausnarefnin.

Mandela nýtti líka tækifærið árið 1995 þegar Suður-Afríka hélt heimsmeistarakeppnina í rúgbí, vinsælustu íþrótt landsins. Þar hvatti hann alla landsmenn til þess að styðja við liðið en fram að því hafði það verið, í augum meirihluta þjóðarinnar, tákn aðskilnaðarstefnunnar. Svo fór að lokum að Suður-Afríka komst í úrslit og bar þar sigurorð af Nýja-Sjálandi á lokamínútu leiksins. Mandela afhenti þá, íklæddur landsliðstreyjunni, hvítum fyrirliða suður-afríska landsliðsins bikarinn og náði með því að brjóta niður fleiri múra en áður hafði tekist. (Áhugasamir geta horft á myndina *Invictus* sem fjallar um þennan viðburð).

## ARFLEIFÐ MANDELA HEFTIR ÞRÓUN LÝÐRÆÐISINS Í SUÐUR-AFRÍKU

Helsta þraut stjórnámálanna í Suður-Afríku, ekki síst þeirra sem setjast í forsetastól í landinu, er að fylla skarðið sem Mandela skildi eftir, sem verður seint talið auðvelt. Nú hefur Afríska þjóðarráðið verið við stjórnvölinn í nærri 20 ár og hefur fengið um 65% atkvæða í kosningum síðan 1994. Aðeins tveir forsetar hafa setið eftir Mandela, en Thabo Mbeki þótti of teknókratískur og Jacob Zuma þykir spilltur. Fráfall Mandela gæti hins vegar orðið til

þess að raunverulegt lýðræði verði til í Suður-Afríku með fjölflokkakerfi.

Í Speglinum föstudaginn 6. desember var rætt við Sigríðu Dúnu Kristmundsdóttur, fyrrverandi sendiherra í Suður-Afríku. Hún segir að Mandela hafi haft svo sterka stöðu innan flokksins og í stjórn landsins að hugsanlega gæti Afríska þjóðarráðið klotnað eftir andlát Mandela eða kjósendur valið aðra flokka til valda. **BBH**

Hans síðasta verk sem forseti Suður-Afríku var ekki síður mikilvert, en það fólst einfaldlega í því að gefa ekki kost á sér aftur í embættið og tryggja þannig framgang lýðræðiskerfisins í landinu.



### Arfleifð Madiba

Nelson Rolihlahla Mandela, eða Madiba eins og flestir Suður-Afríkubúar kölluðu hann, mætti miklu mótlæti á langri lífsgöngu sinni. Hann horfði upp á samlanda sína vera misþyrmt vegna litarhafts og var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir baráttuna

fyrir sömu réttindum öllum til handa, óháð húðlit þeirra. En þrátt fyrir allt fann hann hjá sér fyrirgefningu, hógværð og þá staðfestu sem nauðsynleg var til þess að leiða þjóð sína í gegnum eitt erfiðasta tímabil hennar. Hann leiddi með fordæmi og varð ljósmóðir nýrrar Suður-Afríku á vegferð hennar frá gerræðisríki aðskilnaðarstefnunnar til fjölflokka lýðræðisríkis. Það er einmitt arfleifð hans – regnbogabjórinn Suður-Afríka.

# Ekki hægt að fá bætur vegna innstæðutryggingar



## DÓMSMÁL

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

k

Smelltu til að lesa stefnu  
Stapa á hendur íslenska  
ríkinu

k

Smelltu til að lesa  
greinargerð lögmanns  
ríkisins í málinu

**Y**firlýsing ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 um að allar innstæður í bönkum landsins séu tryggðar er ekki stjórnvaldsfyrirmæli. Því geta hvorki einstaklingar né fyrirtæki byggt bótakröfu á hendur ríkissjóði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þetta kemur fram í greinargerð lögmanns ríkisins vegna stefnu sem lífeyrissjóðurinn Stapi hefur höfðað á hendur því. Í málinu vill Stapi fá sex milljarða króna greidda vegna innstæðutryggingarinnar.

### Stefni íslenska ríkinu

Stapi lífeyrissjóður stefndi íslenska ríkinu í haust og fór fram á að það greiddi sér 6,1 milljarð króna. Um er að ræða innlán sem sjóðurinn átti hjá fjárfestingarbankanum Straumi-Burðarási þegar hann féll. Upphaflega ætlaði Stapi að lýsa kröfu í bú Straums-Burðaráss og fá þannig eitthvað af innlánunum til baka. Lögmannastofa Stapa gleymdi hins vegar að lýsa kröfunni áður en kröfulýsingarfrestur rann út. Reynt var að fá kröfuna viðurkennda fyrir dómstólum en Hæstiréttur vísaði þeirri kröfu frá í maí í fyrra. Rúmu ári síðar ákvað lífeyrissjóðurinn að reyna að fá ríkið til að greiða peningana til baka.

### Vísað á bug

Lögmaður ríkisins skilaði nýverið greinargerð í málinu þar sem segir meðal annars að því sé „eindregið vísað á bug að stefnandi, einstaklingar eða fyrirtæki geti byggt bótakröfu á hendur ríkissjóði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008, enda felst ekki í henni að einstaklingar eða fyrirtæki geti beint kröfum að ríkissjóði vegna innstæðna sem þeir telja sig eiga, heldur felst í yfirlýsingunni að ríkið muni sjá til þess að innstæðueigendurfari ekki halloka ef fjármálafyrirtæki er tekið í slitameðferð [...] Ljóst er að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 um að ríkisstjórn Íslands á rétti að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi verði tryggðar að fullu var gefin til að auka traust almennings og fyrirtækja á fjármálakerfinu


og koma í veg fyrir stórfelldar úttektir innstæðueigenda af reikningum sínum. Yfirlýsingin var ekki sett með stoð í lögum og var ekki birt í Stjórnartíðindum. Því var ekki um stjórnvaldsfyrirmæli að ræða, heldur viljayfirlýsingu ríkisstjórnar sem stóð frammi fyrir fordæmalausum aðstæðum þar sem allt bankakerfi landsins riðaði að falli og ljóst var að án róttækra aðgerða myndi skapast hættu á ahlaupi á banka landsins“.

### **Ekki hægt að beina kröfum að ríkissjóði**

Lögmaður ríkisins vísar því einnig á bug að einstaklingar eða fyrirtæki geti byggt bótakröfu á hendur ríkissjóði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008. Í henni felist ekki að einstaklingar eða fyrirtæki get beint kröfum að ríkissjóði vegna innstæða sem þeir telji sig eiga heldur að ríkið muni sjá til þess að innstæðueigendur fari ekki halloka ef fjármálafyrirtæki verði tekið í slitameðferð.

„Í framkvæmd hefur staða innstæðueigenda, á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, verið tryggð með því að séð hefur verið til þess að innstæður í fjármálafyrirtækjum, sem standa höllum fæti og FME hefur tekið yfir vald hluthafafundar í, hafa verið fluttar til annarra fjármálafyrirtækja með ákvörðunum FME. Þannig hefur ríkið aldrei greitt út innstæður, heldur einbeitt sér að því að tryggja stöðu innstæðueigenda með flutningi innstæðnanna,“ segir í greinargerðinni.





# Hvað veldur sjúkdómsbyrði þjóðarinnar?



**I** fyrstu grein þessa greinaflokks, sem birtist í Kjarnanum í síðustu viku, var skýrt frá því hvernig sjúkdómsbyrði Íslendinga samanstendur annars vegar af glötuðum æviárum vegna ótímabærs dauða og hins vegar af æviárum lifuðum með örorku, í hlutföllunum 2 á móti 3. Örorka veldur þjóðinni meiri heilsufarsskaða en ótímabær dauði, mælt í „glötuðum góðum æviárum“ að hætti Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Stutta svarið við spurningunni um hvað valdi sjúkdómsbyrðinni er: Við sjálf.

Þessi grein er önnur grein af þremur og segir söguna af því hvaða áhættuþættir liggja að baki sjúkdómunum sem leggja okkur að velli fyrir aldur fram eða orsaka örorku.

### **Slæmt mataræði stærsti áhættuþátturinn**

Í raunveruleikanum býr auðvitað margt að baki og eðli máls samkvæmt verða ekki öll dauðsföll eða örorka rakin til ákveðinna áhættuþátta. WHO hefur þó gert tilraun til að rekja sjúkdómsbyrðina til áhættuþátta í skýrslunni „Global Burden of Disease“ frá desember 2012. Samkvæmt henni eru stærstu áhættuþættir heilsubreysts hér á landi: mataræði, ofþyngd, reykingar, háþrýstingur, starfstengd áhætta, hreyfingarleysi, há blóðfita, hár blóðsykur og áfengisneysla – í þessari röð.

Slæmt mataræði er sem sagt stærsti einstaki áhættuþáttur að baki heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga, og svo er líka um hin Norðurlandarákin að Danmörku frátalinni, þar sem reykingar eru í fyrsta sæti, naumlega þó.

En rifjum upp helstu sjúkdóma og raskanir, sem gerð voru skil í fyrri grein:

Meðan helstu drápararnir eru krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar eru það stoðkerfiskaskanir og geðraskanir sem valda mestri örorku, mælt í glötuðum góðum æviárum (e. disability-adjusted life years, DALY). Og heildarföldi þessara „glötuðu góðu æviára“? Árið 2010 voru þau 68 þúsund hér á landi, þar af 28 þúsund vegna ótímabærs dauða og 40 þúsund vegna örorku.

„Þótt vissulega verði seint hægt að koma í veg fyrir öll ótímabær dauðsföll eða örorku á gera sér í hugarlund hvaða áhrif það hefði ef hægt væri að narta aðeins í helstu áhættuþættina.“

Þótt vissulega verði seint hægt að koma í veg fyrir öll ótímabær dauðsföll eða örorku má gera sér í hugarlund hvaða áhrif það hefði ef hægt væri að narta aðeins í helstu áhættuþættina. Ef við gætum með forvörnum fækkað glötuðum góðum æviárum um 1% næmi þjóðhagslegt verðmæti þeirra aðgerða (með nokkurri einföldun) 3,5 milljörðum króna á ári miðað við verga landsframléiðslu á mann.

Nú skulum við skoða nánar áhættuþættina sem liggja að baki sjúkdómsbyrðinni og hvernig þeir hafa breyst á síðustu 20 árum.

### Ofþyngd hástökkvarinn

Ef bornar eru saman mælingar úr gögnum WHO frá 1990 við daginn í dag var og er mataræði langstærsti áhættuþátturinn að baki heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga mælt í „glötuðum góðum æviárum“. Hástökkvarinn er hins vegar ofþyngd, sem hefur hækkað úr fimmta í annað sæti á sama tíma – upp fyrir reykingar, sem nú eru í þriðja sæti. Háþrýstingur er í fjórða sæti en há blóðfita og hár blóðsykur hefur sigið niður í 7. og 8. sæti meðan starfstengd áhætta og hreyfingarleysi eru nú komin upp í 5. og 6. sæti – upp fyrir þessa „hefðbundnu“ áhættuþætti. Í níunda og tíunda sæti eru svo áfengis- og eiturlyfjanotkun, nokkuð fyrir neðan aðra áhættuþætti mælt í „glötuðum góðum æviárum“. Sé hins vegar einungis litið til fjölda dauðsfalla en ekki DALY-ára komast loftmengun og efnamengun inn á listann yfir tíu stærstu áhættuþættina í stað starfstengdrar áhættu og eiturlyfjanotkunar.


Athyglisvert er að skoða hvernig mismunandi áhættuþættir liggja að baki glötuðum æviárum vegna ótímabærs dauða (e. years of life lost, YLL) eða fjölda æviára sem lifað er með örorku (e. years lived with disability, YLD), samkvæmt skýrslum WHO:

### Hefðbundnir áhættuþættir


Flest æviár vegna ótímabærs dauða glatast eftir sem áður vegna mataræðis en nú verma nokkuð „hefðbundnari“



### Heilsufarsskaði Íslendinga eftir orsökum



### Áhættuþættir heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga




### Áhættuþættir dauða og örorku Íslendinga



## Áhættuþættir dauða og örorku Íslendinga

Skipting glataðra æviára í ótímabæran dauða og ár lifuð með örorku





### Örorkuvaldur

Ofþyngd og starfstengd áhætta eru helstu áhættuþættirnir sem valda örorku.

áhættuþættir annað til fimmta sæti: reykingar, háþrýstingur, ofþyngd og há blóðfita.

Sé hins vegar litið til örorkuvalda breytist myndin talsvert: í stað mataræðis er nú ofþyngd stærsti áhættuþátturinn ásamt starfstengdri áhættu með um 20% hvor, en talsvert fyrir neðan koma mataræði, reykingar, hár blóðsykur og eiturlyfjanotkun með um og undir 10% hver áhættuþáttur.

Nú skulum við líta á áhættuþætti að baki einstökum sjúkdómum og röskunum, og enn er vísað til skýrslu WHO „Global Burden of Disease“ frá desember 2012.

Eins og áður var getið eru helstu drápararnir krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar, en stoðkerfisraskanir og geðraskanir valda mestri örorku, mælt í „glötuðum góðum æviárum“. En hvað veldur þessum sjúkdómum? Hverjir eru helstu áhættuþættirnir?



### Reykingar drepa

Samkvæmt WHO er krabbamein vegna reykinga sú tegund þeirra meinsemdar sem drepur helst.

### Glötuð æviár vegna krabbameina helst vegna reykinga

Niðurstaða WHO er að stærsti einstaki áhættuþáttur glataðra æviára vegna krabbameina sé reykingar, sem líklega kemur fáum á óvart. Hin vegar eru mataræði, ofþyngd og hreyfingarleysi samanlagt næstum jafnstór áhættuþáttur krabbameina og reykingar. Þegar áfengisneyslu er bætt við eru þar með upptalin 95% áhættuþátta glataðra æviára vegna krabbameina.

Varðandi hjarta- og æðasjúkdóma er ekki ósvipaða sögu að segja, nema hvað reykingar hrapa niður í 6. sæti og helst áhættuþættirnir eru nú mataræði, háþrýstingur, há blóðfita, ofþyngd og hreyfingarleysi. Samanlagt standa þessir áhættuþættir fyrir 95% af áhættuþáttum glataðra góðra æviára vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Sé vikið að aðalorsökum örorku á Íslandi – stoðkerfis-



röskunum og geðröskunum – má lesa úr gögnum WHO að þar eru nokkuð frábrugðnir áhættuþættir á ferð þótt „glötuð góð æviár“ vegna þessara sjúkdóma séu talsvert fleiri en vegna krabbameina og hjarta- og æðasjúkdóma. Helstu áhættuþættir heilsufarsskaða vegna stoðkerfisraskana eru aðeins tveir: starfstengd áhætta (60%) og ofþyngd (40%). Sé kafað dýpra má sjá að langalgengustu afleiðingar starfstengdar áhættu eru bakvandamál, sem ein og sér standa fyrir tæpum 4% af heilsufarsskaða Íslendinga mælt í „glötuðum góðum æviárum“.

### **Eiturlyf og áfengi oftast orsakir geðraskana**

Varðandi geðraskanir standa hins vegar eiturlyfjanotkun og áfengisnotkun fyrir 80% greinanlegra áhættuþátta heilsufarsskaðans, en kynferðislegt ofbeldi í æsku og heimilisofbeldi fyrir því sem út af stendur, svo langt sem áhættuþættir verða greindir að mati WHO.

Það verður víst seint sagt að við séum áhrifalausir leiksoppar orlaganna hvað varðar stóru dráparana tvo, krabbamein og hjarta- og æðasjúkdóma. Það er að því leyti svipaða sögu að segja um áhættuþætti stoðkerfis- og geðraskana að við virðumst hafa ýmislegt um þessa hluti að segja með því hvernig við högum lífi okkar.

Í þriðju og síðustu greininni í þessum flokki, sem birtast mun eftir viku, verður gerð tilraun til að sýna fram á hvað gæti áunnist í að stöðva nýliðun í dýrari úrræði með því að fanga upp tilfellið í neðri þrepum heilbrigðiskerfisins og vinna örlítið á sjúkdómsbyrðinni í leiðinni.



# Nýtt geimkapphlaup

Keppast stærstu þjóðir heims, Indverjar og Kínverjar, um vinninga í geimnum?

---



## VÍSINDI

Sævar Helgi Bragason  
saevarhb@gmail.com

**H**inn 1. desember síðastliðinn skutu Kínverjar á loft ómönnuðu geimfari, Chang'e 3, til tunglsins. Fimm dögum síðar fór geimfarið á braut um tunglið og á það að lenda þar hinn 14. desember. Takist landingin mun lítiljéppi, kallaður Yutu eða „Kanínan“, aka af landingarfarinu og hefja rannsóknir á þessum næsta nágranna okkar í geimnum.

Tæpum mánuði fyrr skutu Indverjar á loft öðru ómönnuðu geimfari, Mangalyaan, sem nú er á leið til Mars. Gangi allt að óskum fer Mangalyaan á braut um rauðu reikistjörnuna í september á næsta ári.

### Sögulegir leiðangrar

Báðir leiðangrarnir eru sögulegir. Chang'e 3 er fyrsta geimfarið sem Kínverjar hyggjast lenda á öðrum hnetti. Jafnframt verður þetta í fyrsta sinn frá árinu 1974 sem geimfar lendir


(mjúklega) á tunglinu.

Mangalyaan er aftur á móti fyrsta geimfarið sem Indverjar senda út í sólkerfið en þeim hefur áður tekist að koma geimfari á braut um tunglið.

En eru Kínverjar og Indverjar í geimkapphlaupi? Þessari spurningu er ekki auðsvarað, þótt vissulega sé samkeppni á milli þeirra.

Geimáætlanir beggja þjóða

eru metnaðarfullar en ólíkar. Markmiðin eru mismunandi og því á þetta „nýja geimkapphlaup“ sér ekki beina hliðstæðu í geimkapphlaupi Bandaríkjamanna og Sovétmanna á sjötta og sjöunda áratugnum. Fyrir báðum þjóðum er það verðugt markmið að komast á sambærilegan stall og Bandaríkin, Rússland og Evrópa í geimvísindum, en þó ekki eina markmiðið.



### Yutu á tunglinu

Tölvuteiknuð mynd af Kanínunni sem Kínverjar reynda nú að lenda á tunglinu.





## Kínverjar stefna til tunglsins

Aðalmarkmið kínversku geimáætlunarinnar er að senda menn til tunglsins og eru bæði mannaðar og ómannaðar geimferðir skref í þá átt. Árið 2003 varð Kína þriðja ríkið í sögunni til að senda mannað geimfar á braut um jörðina. Átta árum síðar komu Kínverjar sér upp lítilli geimstöð. Engin önnur þjóð hefur uppi svipuð áform og því er þar ekki um neitt kapphlaup að ræða.

Chang'e 3 er þriðji ómannaði leiðangur Kínverja í undirbúningi fyrir mannaðar ferðir til tunglsins. Áður hafa tvö kínversk geimför komist á braut um tunglið en nýjasti leiðangurinn er sá metnaðarfyllsti til þessa.

Kínverjar horfa líka lengra út í geiminn. Fyrir tveimur árum fékk kínverska Mars-farið Yinghuo-1 far með Fóbos-Grunt leiðangri Rússa út í geiminn. Geimskotið misheppnaðist hins vegar og komust geimförin því aldrei á leiðarenda. Að sögn yfirmanna kínversku geimáætlunarinnar stefna þeir á að koma ómönnuðu geimfari til Mars eftir fimm til sjö ár.



Þótt Kínverjar hafi boðist til að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu hefur áhuginn verið fremur lítill frá öðrum þjóðum. Fyrir tveimur árum samþykkti Bandaríkjaþing til að mynda lög sem banna Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) að eiga geimferðasamstarf við Kína. Fyrr á þessu ári bannaði NASA einnig kínverskum vísindamönnum að sækja ráðstefnu á sínum vegum um reikistjörnur utan okkar sólkerfis. Þegar bandarískir vísindamenn hótuðu að hunsa ráðstefnuna vegna þess sáu yfirmenn stofnunarinnar að sér og skiptu um skoðun.


## Indverjar horfa til efnahagslegs bata

Geimferðamarkmið Indverja virðist fyrst og fremst hverfast um efnahagslega þróun landsins. Indland er að þróast hratt og til að sýna fram á að landið sé aðlaðandi staður fyrir erlenda fjárfestingu í hátækniíðnaði verða Indverjar að sýna fram á tæknilega getu í alþjóðlegum samanburði.

Að koma geimfari á braut um Mars er tæknilega mjög erfitt. Um það bil helmingur allra Marsleiðangra hefur mislukkast. Takist Indverjum að koma starfhæfu geimfari á braut um Mars hefur þeim tekist betur til en Rússum, Japönnum og Kínverjum og afrekað nokkuð sem aðeins Bandaríkin, Evrópa og Sovétríkjunum hefur tekist hingað til. Markmið leiðangursins er því ekki síður pólitískt.

En hvernig getur þjóð með mörg hundruð milljónir manna undir fátæktarmörkum réttlætt fjárfestingu í geimvísindum?





## ÍTAREFNI

### Magnalyaan

Umfjöllun um Magnalyaan á Stjörnufræðivefnum

### Chang'e 3

Umfjöllun um Chang'e 3-farið á Stjörnufræðivefnum

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið



Þetta er eðlileg spurning en að ýmsu leyti villandi. Auður Indverja er ekki föst stærð. Tæknin sem Indverjar hafa þróað fyrir Mars-leiðangur sinn hefur beint hagnýtt gildi sem eykur hagvöxt í landinu og bætir efnahag þjóðarinnar. Með geimáætluninni efla Indverjar líka menntunarstig þjóðarinnar og halda hátæknimenntuðu fólki í landinu, sem eðli málsins samkvæmt skiptir miklu máli efnahagslega.

Á þetta benda einmitt stuðningsmenn indversku geimáætlunarinnar. Þeir segja að vel heppnaður leiðangur til Mars muni auka tiltrú erlendra fjárfesta á tæknilegri getu Indverja sem muni, til lengri tíma til litið, laða að erlenda fjárfestingu í landinu. Til að geta keppt við Bandaríkin, Kína og Evrópu um slíka fjárfestingu þurfi þeir að sýna fram á þetta.

En þótt efnahagur Indverja vænkist er ekki þar með sagt að öll indverska þjóðin njóti góðs af því. Indverska geimáætlunin getur gert Indland ríkara en ekki endilega bætt hag fátækasta fólksins. Að bæta efnahag þess er undir almenningi og stjórnmalamönnum komið.

Það eitt að koma geimfari frá jörðinni til Mars yrði gríðarlega stór og mikilvægur áfangi fyrir Indverja og nokkuð sem þeir gætu orðið stoltir af. Á sama hátt verður mönnuð tungllending Kínverja tilefni mikils þjóðarstolts.

# LANGAR ÞIG TIL ORLANDO



KAUPTU 1 KG ÖSKJU  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
FERÐ FYRIR 4\*

Merktu kasskvittunina og sendu hana til Nóa Sírius, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík  
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á [konfekt@leikur.noj.is](mailto:konfekt@leikur.noj.is).

\*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.

DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

1. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

8. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

15. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

22. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

NÓA  
Konfekt

# Setti Suzuki Samurai á tindinn

Áhugamaðurinn Gonzalo Bravo setti hæðarheimsmet á vélknúnu ökutæki í kappi við stórútgerðir Evrópumanna



## BÍLAR

Gísli Svverrisson

**P**að er marsmorgun í Andesfjöllum Síle. Einmana ský siglir hægfara yfir himininn. Í nístingsköldu sólskininu gnæfir eldfjallið yfir gróðursnaðri sléttunni. Við rætur eldfjallsins standa tveir heldur lúpulegir menn við lítinn grænan jeppa. Vélarhlífir hvílir upprétt á gluggastykki jeppans og úr vélarsalum liðast hvítur reykur.

Í dag ætluðu þeir að sigra fjallið. Í dag mistókst þeim í annað sinn.

Nevado Ojos del Salado stendur á landamærum Argentínu og Síle. Það teygir sig í 6.893 metra hæð og er því hæsta virka

eldfjall jarðar. Veðurfar svæðisins er mjög þurr og því sjaldgæft að snjór þeki tinda fjallsins, en þó er hjarn eða smáar jökulbreiður sem leynast í hlíðum þess. Fjallið skartar einnig litlu stöðuvatni í 6.390 metra hæð, því hæsta í heiminum að talið er.

Um það hefur verið deilt hvort fjallið teljist vera virkt eða ekki, þar eð síðast gaus þar fyrir um það bil 1.300 árum.

Vísbendingar eru þó um að það hafi hóstað upp ösku árið 1993, sem vissulega gerir það virkt í jarðfræðilegum skilningi. Ojos del Salado telst til eldkeilna, eins og Hekla, Bárðarbunga, Snæfellsjökull og fleiri íslenskar eldstöðvar. Nafn sitt, sem gæti útlagst á íslensku sem „Sölt augu“, dregur fjallið af gríðarstórum salthaugum sem myndast hafa í hlíðum þess.



## Tæknilega auðvelt að komast á tindinn

Eldfjall þetta var fyrst klifið í febrúar árið 1937. Þrátt fyrir mikla hæð er tæknilega auðvelt að komast á tindinn, hlíðar þess eru að mestu aflíðandi, utan lokakaflans upp á tindinn. Af þessum sökum var Ojos del Salado aðlaðandi kostur fyrir hóp framtakssamra manna sem hugðust setja hæðarheimsmet á vélknúnu ökutæki.

Hópur átta manna á vegum Volkswagen reið á vaðið, snemma árs 2005. Ferðin gekk ágætlega og fengu leiðangursmenn heimsmet sitt staðfest af útgefendum heimsmeta-bókar Guinness nokkrum dögum síðar, 6.080 metra hæð yfir sjávarmáli.

Næstur í röðinni var Þjóðverji að nafni Matthias Jeschke á Toyota Land Cruiser-jeppa. Þetta sama ár, 2005, tókst



leiðangri hans að bæta heimsmetið, og stóð það nú í 6.358 metrum.

Báðir þessir leiðangrar útheimtu háar fjárhæðir og margar vinnandi hendur. Með styrkjum frá bílaframleiðendum og löngum undirbúningi heppnuðust tilraunir þeirra við heimsmetið nær áfallalauð.

### Vildi bæta met á gömlum Suzuki Samurai

Gonzalo Bravo heitir ungur Sílemaður, skrifstofumaður að atvinnu, en jeppaáhugamaður frá unga aldri. Gonzalo fylgdist með fréttum af leiðöngrunum árið 2005 og fannst það skítt að heimsmetið væri skráð á einhverja útlendinga. Hann og vinir hans höfðu þrætt fjallgarða Andes á heimasíðuðum torfærujeppum síðan þeir höfðu aldur til og nú fanst Gonzalo að einhver yrði að taka í taumana. Ojos del Salado væri síleskt fjall, ef heimsmetið yrði sett á þessu fjalli ætti það að vera sett af Sílemanni.

En Gonzalo var ekki auðkýfingur og ekki voru í boði tugmilljóna styrkir til að gera

út slíkan leiðangur frá Síle. Hann átti þó gamlan Suzuki Samurai-jeppa og ákvað að með útsjónarsemi ætti hann kannski möguleika á að bæta met útlendinganna. Í byrjun árs 2006 hóaði hann í nokkra félagar og hóf undirbúninginn.

Við tók þrotlaus vinna um kvöld og helgar í bílskúrnum hjá Gonzalo. Hann átti nokkra áhugasama og fórnfúsa vini sem lögðu hönd á plóginn. Bíllinn var þegar breyttur fyrir torfæruakstur, með Toyota-hásingar, skriðgir og dráttarspili. Auk þess hafði hann áður fengið örlítið stærri vél, 1,6 lítra úr Suzuki Sidekick-bifreið.

Til að veita upp á móti þunnu loftinu í þessari miklu hæð





settu Gonzalo og félagar keflablásara (e. supercharger) við mótorinn.

Þunna loftið er ekki einungis bílvélinni erfitt, heldur þurfti Gonzalo markvisst að venja sig á þunna loftið með því að gista í 4.500 metra hæð á sex mánaða tímabili áður en reynt yrði við heimsmetið, alls 30 nætur í fjöllunum. Tækifærið notaði hann til að stilla vél bílsins í þunna loftinu.

Aðstoðarökumann þurfti Gonzalo að hafa með sér og til starfans valdist æskuvinur hans og landi, Eduardo Canales Moya.

Um jólin 2006 var allt til reiðu og á gamlársdag voru þeir félagar komnir upp á hásléttuna, tilbúnir að leggja á fjallið daginn eftir. Að morgni nýársdags blöstu við þeim fyrstu vonbrigðin: „Veðrið þarna uppi

er eins og hapadrætti, því það eru engar nothæfar veðurspár fyrir þessa hæð. Þegar við mættum á svæðið 1. janúar var allt hvítt, næstum eins metra djúpur snjór í grunnbúðum. Þá urðum við frá að hverfa því þetta er vonlaust nema jörðin sé auð.“

Gonzalo og Eduardo sneru vonsviknir heim en ekki af baki dottnir, staðráðnir í að gera aðra tilraun þegar skilyrði yrðu til þess betri.

## Hugnaðist illa að missa heimsmetið

Áðurnefndur Matthias Jeschke hafði nú veður af tilraunum Sílemanna til að svipta hann heimsmetinu. Það hugnaðist honum illa og kallaði hann nú til í snatri gamla ferðafélaga, og gamla sem og nýja styrktaraðila. Áður en langt um leið var hann kominn til Suður-Ameríku á nýjan leik, að þessu sinni með tvo splunkunýja Jeep Wrangler Unlimited Rubicon-





bíla, búna rúmlega 200 hestafla V6-vélum. Leiðangri hans fylgdi her aðstoðarmanna: tvö myndatökuteymi, birgðastjórar, markaðsteymi (sem sá um að merkja bílana styrktaraðilum), verkfræðingar sem sáu um breytingar á rafbúnaði bílanna og leiðsögu- og fjarskiptahópur sem sá um GPS-tæki, fartölvur og gervihnattasíma svo eitthvað sé nefnt. Alls voru í hópnum 20 manns á sjö farartækjum.

Matthias var því undir allt búinn, nema reyndar hæðarveikina sem hrjáði leiðangursmenn frá þriðja degi. Eftir margar tilraunir tókst úrvinda og fárveikum hópnum loks ætlunarverk sitt, á þrettánda degi leiðangursins, hinn 13. mars 2007. Spurður af fjölmiðlum sagðist Matthias sannfærður um að enginn myndi nokkurn tíma jafna, hvað þá bæta, hæðarmet hans, sem hlaut nú Guinnessviðurkenningu, 6.646 metrar yfir sjávarmáli.



## Vélavandræði

Víkur nú sögunni að Gonzalo og Eduardo, sem voru mættir með fjallafáki sínum að rótum eldfjallsins, aðeins nokkrum dögum eftir að Matthias og fylgdarlið hans héldu sigri hrósandi á brott.

Veður var nú kjörið til fararinnar, auð jörð og félagarnir tveir í essinu sínu. Styrktarfé sem þeim hafði safnast til fararinnar var nú uppuríð, enda höfðu áætlanir aðeins gert ráð fyrir einni atlögu við fjallið. Þeir félagar létu það ekki á sig fá en lögðu til eigið sparifé, sem og fé frá vinum og fjölskyldu sem vildu gjarnan leggja þeim lið.

Ekki höfðu þeir ekið langt þegar vökvastýri bílsins gaf sig skyndilega og reykur blossaði upp undan framenda bílsins. Snörðu félagarnir sér út úr bílnum og tókst með snarræði að slökkva eld sem tók á móti þeim þegar vélarrúmið var opnað.

Eftir skamma stund varð Gonzalo ljóst að hiti frá pústgrein vélarinnar hafði brætt forðabúr fyrir stýrisvökvann, sem aftur kviknaði í þegar hann lak niður á pústgreinina. Með bilað stýri og skemmdir af völdum brunans var útilokað að halda lengra og urðu þeir því að hverfa frá eins og segir í upphafi greinar. Gonzalo neyddist til að gefast upp. Í bili.

## Reyndu í þriðja sinn

Ekki leið á löngu þar til Sílemennirnir héldu af stað í þriðja sinn. Nú voru fjárhirslurnar sannanlega þurrausnar, þetta yrði síðasta tækifæri þeirra til að bæta heimsmetið, koma því til Síle þar sem það átti heima. Enn á ný voru þeir Gonzalo og Eduardo aðeins tveir, gátu aðeins treyst á sjálfa sig og gömlu grænu Súkkuna.

Í þetta skiptið var lukkan með í för. Eina hindrunin á vegi þeirra var illfært hjarnið, en félagarnir snigluðust yfir með hjálp driflæsinga og á úrhleyptum dekkjum. Hinn 21. apríl 2007 náðu þeir í 6.688 metra hæð, 42 metrum betur en stór-útgerðin sem á undan kom. Þeir voru komnir að lóðréttum klettavegg, hærra verður líkast til ekki farið á fjórum hjólum, þó að Gonzalo sé sjálfur ekki jafn stóryrtur og fyrri methafinn.





Heimsmetið stendur enn og enginn hefur reynt að bæta það eftir því sem greinarhöfundur kemst næst. Gonzalo Bravo hvarf til fyrra lífs, skrifstofustarfsins og jeppaferðalaga í frítímanum. Suzuki-jeppinn, sem nálgast nú þrítugsaldurinn, hefur fengið yfirhalningu með stærri vél, dekkjum og öðru góðgæti, en hugur eigandans stendur ekki til að bæta önnur met: „Ég hef engin önnur markmið að keppa að þegar þessum áfanga er náð. Nú nýt ég þess frekar að horfa á aðra bítast um sigur. Einu markmiðin er að sjá Baja 1000-keppnina, King of the Hammers og svo væri ég mikið til í að koma til Íslands og sjá íslenska torfærukeppni.“





# Oft er sannleikurinn seinn úr munni

Dómsmálaráðherra Danmerkur laug að þinginu og varð að segja af sér

**DANMÖRK**  
Borgþór Arngrímsson

**E**f Morten Bødskov, fyrrverandi dómsmálaráðherra Danmerkur, hefur einhvern tíma heyrt hina gullnu setningu „Sannleikurinn er sagna bestur“ hefur hann líklega verið búinn að gleyma henni þangað til í fyrradag. Þá neyddist hann til að segja af sér og játa að hann hefði sagt þingheimi ósatt. Afsögn Mortens Bødskov er mikið áfall fyrir Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra, hann hefur verið einn dyggasti stuðningsmaður hennar í öllu því ölduróti og mótlæti sem einkennt hefur stjórnartíð núverandi ríkisstjórnar sem setið hefur í rúm tvö ár.



## Langur aðdragandi

Sú atburðarás sem endaði með afsögn Mortens Bødskov í fyrradag hófst í byrjun febrúar í fyrra. Þá hafði verið ákveðið að dómsmálanefnd danska þingsins skyldi fara í Kristjaníu ásamt nokkrum yfirmönnum úr lögreglunni, hitta íbúa þar og kynna sér mannlífið og atvinnustarfsemina eins og það var orðað í tilkynningu danska þingsins. Nokkrum dögum áður en þingmennirnir ætluðu að heimsækja svæðið ásamt fylgdarliði var ferðinni hins vegar frestað og sú skýring gefin að einn af yfirmönnum lögreglunnar kæmist ekki þennan tiltekna dag.

Meðal þeirra þingmanna sem ætluðu í þessa heimsókn var Pia Kjærsgaard, sem þá var formaður Danska þjóðarflokksins. Hún hóf stjórn málaferil sinn í Framfaraflokki

Mogens Glistrup 1978 og lét þar mjög að sér kveða, var kjörin á þing 1984. Hún var óformlegur leiðtogi flokksins um nokkurra ára skeið um miðjan níunda áratuginn þegar flokksformaðurinn Glistrup sat í fangelsi fyrir skattsvik. 1995 sagði hún sig úr Framfaraflokknum og stofnaði Danska þjóðarflokkinn ásamt þremur þingmönnum öðrum, þar á meðal Kristian Thulesen Dahl, núverandi flokksformanni.

## Morten Bødskov

### Í nokkrum orðum

Morten Bødskov er 43 ára, með háskólapróf í stjórn málafræði og stjórnun. Hefur setið á þingi fyrir Sósialdemókrata frá árinu 2001 og verið í forystusveit flokksins. Hann varð dómsmálaráðherra eftir þingkosningarnar 2011.

## Pia ekki örugg í Kristjaníu vegna skoðana sinna

Pia Kjærsgaard hefur aldrei legið á skoðunum sínum, en flokkur hennar hefur mjög ákveðna stefnu í málefnum innflytjenda og hefur ótal sinnum lýst efasemdum sínum um tilvist Kristjánúsvæðisins og andstöðu við margt sem þar fer fram. Þessar skoðanir hennar og viðhorf urðu til þess að danska leynilögreglan PET taldi sig ekki geta tryggt öryggi hennar í hinni fyrirhuguðu Kristjaníuferð.

Leynilögreglan vissi að Kjærsgaard ætlaði með í ferðina og þær upplýsingar hafði PET fengið með því að kíkja í dagbók Kjærsgaard í gegnum tölvukerfi danska þingsins. Að hnýsast þannig í einkabækur þingmanna er hins vegar

### **Pia Kjærsgaard**

Þingkonan nýtur ekki vinsælda í Kristjáníu og leynilögreglan taldi sig ekki geta tryggt öryggi hennar þar.

harðbannað. Þess vegna gátu ráðherrann og formaður dómsmálanefndar þingsins ekki sagt að hin raunverulega ástæða væri sú að leynilögreglan óttaðist um öryggi Piu Kjærsgaard því þá hefði strax uppgötvast að kíkt hefði verið í dagbókina.

Því brugðu bæði ráðherrann og nefndarformaðurinn á það ráð að segja að hátt settur maður í lögreglunni gæti ekki farið þennan dag. Ráðherrann hélt því reyndar lengi vel fram að hann vissi ekkert um málið en játaði loks í viðtölum síðastliðið mánudagskvöld (daginn áður en hann tilkynnti afsögn sína) að sagan um hinn háttsetta lögreglumann hefði verið tilbúningur. „Þetta kallar maður lygi,“ sagði einn þingmaður Einingarlistans í sjónvarpsviðtali í fyrradag.



### **Grunur um að dagbók hefði verið skoðuð**

Fljótlega eftir að Kristjáníuferðinni var frestað vaknaði grunur, meðal annars hjá Piu Kjærsgaard, um að snuðrað hefði verið í dagbók hennar. Henni þótti undarlegt að þegar leynilögreglan fór að nefna daga sem gætu hentað



til heimsóknar í Kristjaníu hittist alltaf svo á að hún var að heiman og hefði ekki getað farið með hópnum. En hún lék á lögregluna, skráði einfaldlega ekki í dagbókina neitt um fyrirhugaða Kristjaníuferð og þegar dagurinn rann upp, 7. júní 2012, mætti hún í rauðum jakka og tók þátt í ferðinni ásamt félögum sínum úr þinginu og fleirum. Talsverð lög-gæsla var á staðnum en allt fór friðsamlega fram.

19. nóvember á þessu ári, 17 mánuðum eftir Kristjaníu-ferðina, gerðist það að trúnaðarmaður innan leyni-lögreglunnar kom fram með margs konar ásakanir á hendur yfirmanni sínum, Jacob Scharf, þar á meðal að hann hefði fyrirskipað að kíkja í dagbók Piu Kjærsgaard vegna hinnar fyrirhuguðu heimsóknar. Þetta og margt fleira varð til þess að Jacob Scharf hættir um næstu áramót sem yfirmaður PET.

### **Hitnar undir dómsmálaráðherranum**

Nú var heldur betur farið að hitna undir dómsmálaráðherranum því flestum var ljóst að hann hafði verið með í ráðum og sú ákvörðun PET að kíkja í dagbók Piu Kjærsgaard hafði verið tekin með vitund hans og vilja. Eigi að síður var það ekki fyrr en nú í byrjun vikunnar að Morten Bødskov játaði að hann hefði sagt þinginu ósatt. Í framhaldinu var hann á þriðjudagsmorguninn kallaður fyrir laganefnd þingsins, sem tók skýringar hans ekki trúanlegar. Einingarlistinn tilkynnti eftir fundinn að flokkurinn gæti ekki áfram stutt hann sem ráðherra og þá var leiknum lokið. Morten Bødskov tilkynnti afsögn sína síðar þann sama dag.

Í dönsku er til máltæki sem hljóðar eitthvað á þessa leið og hefur nú kannski rifjast upp fyrir ráðherranum fyrrverandi: Oft er sannleikurinn seinn úr munn.



# JÓLAPEYSAN

30. OKTÓBER - 13. DESEMBER



AUÐVELT  
AÐ VERA MEÐ  
[www.jolapeysan.is](http://www.jolapeysan.is)



Styrktu verkefni Barnaheilla og sendu **SMS** með textanum „jól“  
í síma **903 1510 - 903 1520 - 903 1550** fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.

A woman with blonde hair and glasses is speaking, looking slightly to the left. She is wearing a black blazer. The background is a Christmas tree with warm, glowing lights.

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Vigdís Hauksdóttir þingmaður

# Bjartsýn á að landið taki að rísa

---

**Þ**egar Vigdís Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, ber á góma fara andstæðingar hennar oft af hjörunum. Þegar blaðamaður skimar eftir fréttum af henni á Facebook og þeim athugasemdum sem skrifaðar eru um hana sést að Vigdís er ekki bara umdeild, heldur virðist hún kalla fram það versta í fari fólks sem skrifar á samfélagsmiðla. Orð eins og „heimsk“, „mannhatar“ og „fífl“ sá blaðamaður í nokkur skipti þegar Vigdís bar á góma á internetinu. Þá fullyrti einn netverjinn að Vigdís væri „einfaldlega vond manneskja“.

Spurð um þessa hörðu umræðu og oft á tíðum óvægnu segist hún ekkert hugsa um það. „Ég tek þetta ekkert inn á mig og velti þessu ekkert fyrir mér. Fólk í Samfylkingunni, Vinstri grænum og síðan valdir bloggarar eru alltaf að skrifa eitthvað um það sem ég er að segja en ég velti því ekkert fyrir mér. Þau verða að eiga þetta við sig. Fyrir vikið er ég töluvert mikið í fjölmiðlum og fæ þannig tækifæri til þess að koma mínum sjónarmiðum á framfæri, það er kannski jákvæða hliðin á þessu,“ segir Vigdís og glottir við tönn. Hún virðist njóta þess að vera hötuð og játar raunar fyrir blaðamanni að þannig sé það. „Þetta bítur bara ekkert á mig,“ segir Vigdís aftur og hlær við.

### **Erfið staða ríkisfjármála**

Þó að óvægin orðræða bíti ekkert á Vigdís, að hennar sögn, er hún að glíma við grafalvarlega hluti alla daga þessar vikunnar eins og þingmenn allir í sameiningu. Sjálf ríkisfjármálin, fjárlög næsta árs. Íslenska ríkið skuldar tæplega 1.500 milljarða króna, samkvæmt upplýsingum frá Lána-sýslu ríkisins, sem jafngildir ríflega 90 prósentum af árlegri landsframléiðslu Íslands. Til viðbótar koma síðan þungir gjalddagar vegna erlendra lána sem hvíla á þjóðarbúinu í fyrirsjáanlegri framtíð, ekki síst frá árinu 2016. Seðlabanki Íslands hefur endurtekið varað við miklum skuldum þjóðarbúsins og þörf sé á því að létta á gjalddögum með því að lengja í lánum, ekki síst þegar kemur að skuldum



### **Komu gjöldum á**

„Það gleymist nú stundum að það var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem kom auðlindagjöldum í sjávarútvegi á. Hvað varðar hin sértæku veiðigjöld, sem vinstristjórnin ætlaði að innheimta, þá liggur fyrir að tæknileg útfærsla þeirra var óframkvæmanleg og því lá beint við að hætta við þau.“

Landsbanka Íslands gagnvart þrotabúi hins fallna Landsbanka. Vigdís, sem er formaður fjárlaganefndar, segist líta svo á að staða Íslands sé tvísýn að mörgu leyti. „Þetta er reikningur sem vinstristjórnin skildi eftir sig og vonandi tekst að greiða úr þessu farsælega. Í mínum huga er þetta eitt stærsta málið sem þjóðarbúið er að glíma við í náginni framtíð, það er að létta á þessum skuldum. Að öðru leyti er ég bjartsýn fyrir hönd Íslands og er viss um að okkur muni takast að rétta úr kútnum strax á næsta ári.“

### **Ríkið of umfangsmikið**

Vigdís átti sæti í umdeildum hagræðingarhópi stjórnvalda sem hafði það verkefni að skoða rekstur ríkisins og koma með tillögur um hvar mætti hagræða og gera betur. Að lokum skilaði hópurinn af sér tillögum í texta en engum tölum. Þar var rauði þráðurinn sá að mögulegt væri að

minnka umfang ríkisrekstursins mikið, en sértækar lausnir um hvernig það væri mögulegt fylgdu ekki með.

*Nú hefur þú sagt, Vigdís, að umfang ríkisins sé of mikið á Íslandi og að stjórnámálamenn verði að hafa kjark og þor til þess að minnka það. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár er nú samt ekki að sjá mikla breytingu í þessa veru þegar heildarmyndin er skoðuð. Skattlagning sem hlutfall af landsframleiðslu er nánast sú sama og hjá síðustu ríkisstjórn. Nú ertu komin í áhrifastöðu til þess að breyta og láta verkin tala. Eru þetta bara orðin tóm hjá þér?*

„Strax í upphafi hvers ár hefst vinna við fjárlög ársins í fjármálaráðuneytinu. Kosningarnar sem voru í vor komu því inn í vinnu sem þegar var farin af stað. Fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár mun taka mið af þessu. Ég stend alveg við það að ég tel ríkið vera allt of umfangsmikið og stórt og það sé nauðsynlegt að minnka það. Ástæðan er sú að atvinnulífið, hinn almenni vinnumarkaður, stendur undir hinu opinbera en ekki öfugt. Við hrunið kom mikið högg á atvinnulífið og við það veiktust tekjustofnar ríkisins, sem standa undir allri opinberri þjónustu, mjög mikið. Til þessa hefur ekki verið farið í þá nauðsynlegu aðlögun sem þarf að eiga sér stað. Næsta ár er það ár þar sem ríkisstjórnarflokkarnir munu koma að fjárlagavinnunni frá fyrsta degi og þess vegna munu fjárlögin fyrir árið 2015 taka mið af okkar sýn á ríkisfjármálin miklu frekar en fjárlögin fyrir næsta ár. Aðalatriðið er í mínum huga að grípa til aðgerða sem fjölga störfum. Framsóknarflokkurinn hefur alltaf verið stjórnámálaflokkur atvinnulífsins og það er mikilvægt að við náum að standa undir þeirri ábyrgð, að styðja við atvinnulífið.“

## **Á krossgötum**

Óhætt er að segja að áætlun um lækkun verðtryggaðra skulda, sem stjórnvöld kynntu í lok nóvembermánaðar, hafi verið stærsta mál stjórnvalda til þessa. Umfang aðgerðanna er mikið, samtals um 150 milljarðar króna ef þátttaka er almenn, en aðgerðirnar eru valkvæðar. Vigdís segist sátta við aðgerðirnar.

*Margir höfðu bundið vonir við að skuldir yrðu lækkaðar meira*

## Bjartsýn

Vígdís segist fullviss um að Ísland muni ná efnahagslegum vopnum sínum á næstu árum. „Ég er bjartsýn að eðlisfari og nálgast þessi risavöxnu verkefni sem fram undan eru með bjartsýnina að leiðarljósi.“



*en boðað hefur verið og margir eru líka sáttir við þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið. Finnst þér áætlunin, leiðréttingin, í takt við umræðu framsóknarmanna fyrir kosningar?*

„Já, ég lít svo á að við allt framsóknarfólk geti verið stolt af þessum aðgerðum sem tilkynnt hefur verið um og engin svik hafa átt sér stað, svo mikið er víst. Þetta markar í mínum huga upphafið að nýju vaxtarskeiði og mun skipta sköpum fyrir fjárhag margra á næstu árum.“

*Nú hefur komið fram að þingmenn, þar á meðal þingflokkur Framsóknarflokksins, fengu enga kynningu á aðgerðunum áður en þær voru kynntar opinberlega. Varstu sátt við þetta og ertu búin að kynna þér inntak þessarar áætlunar ofan í minnstu smáatriði sjálf eða treystirðu forystu flokksins í þessu máli alfarið?*

„Ég er afar ánægð með það hvernig unnið var að þessu máli. Þetta er flókið mál og mikilvægt að sérfræðingar hafi fengið að vinna sjálfstætt að málinu og koma fram með lausnir sem eru raunhæfar. Þetta var leiðin sem var valin. Ég treysti formanni flokksins og forsætisráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlaugsyni, algjörlega í þessu máli sem

öðrum og tel hann hafa haldið óaðfínanlega á þessu máli og kynningu þess. Ég hef sett mig inn í þetta mál og við þingflokkurinn höfum vitaskuld fengið mjög ítarlega kynningu á öllum þáttum þess, enda „okkar“ mál í vissum skilningi, þó að stjórnarflokkarnir standi báðir heilshugar að baki því.“

### **Megum ekki skapa ranga hvata**

Ef marka má nýjustu tíðindi af tillögum um niðurskurð í ríkisfjármálum er allt undir, þar á meðal barna- og vaxtabætur, eins og lesa má um í tillögum fjármála- og efnahagsráðherra til fjárlaganefndar Alþingis, sem birtar eru í Kjarnanum í dag. Málið er augljóslega umdeilt innan





stjórnarflokkanna og ekki útséð með það enn hver lokaniðurstaðan verður í fjárlögum.

Vigdís hefur sjálf talað fyrir því að hvatarnir megi ekki vera skakkir í samfélaginu, það er að bætur séu það háar að lægstu laun séu lítið eitt hærri.

*Nú eru þessi mál umdeild meðal fólks í stjórnarflokkunum. Hvernig horfir þetta við þér? Er rétt að lækka barna- og vaxtabætur og greiðslur til starfsendurhæfingarsjóða, svo eitthvað sé nefnt, eins og mál standa nú? Hvernig fer þetta saman við það að lækka álögur á sjávarútveginn frá því sem áður var? Togast þetta ekkert á í þér, svo ég spyrji, það er umræðan um að ríkisstjórnin sé að hygla hinum betur settu sem hefur verið áberandi, meðal annars á samfélagsmiðlum?*

„Ég hef fyrst og fremst sagt að það skipti máli að bótagreiðslur almennt séu þannig útfærðar að þær dragi ekki úr hvatanum til atvinnu. Þetta þarf að skoðast í samhengi við

#### **Draga úr umfangi ríkisins**

Vigdís segir að hið opinbera, ríkið, þurfi að minnka að umfangi. Efnahagslífið geti ekki staðið undir því eins og það sé í dag. „Ég stend alveg við það að ég tel ríkið vera allt of umfangsmikið og stórt og það sé nauðsynlegt að minnka það.“



kjarasamninga og hversu há lægstu laun eru samkvæmt þeim. Þetta er mín staðfasta trú. Því miður finnst mér stefna verkalýðshreyfingarinnar, ekki síst ASÍ, ekki vera til þess fallin að sýna þessu mikilvæga máli skilning því mér finnst að gera þurfi kröfu um að lægstu laun hækki enn meira. Varðandi umræðuna um sjávarútveginn og að ríkisstjórnin sé að hlífa honum sérstaklega og hygli hinum betur settu í þjóðfélaginu, þá hafna ég því alfarið. Það er mikið ánægjuefni hversu vel sjávarútvegurinn hefur gengið undanfarin ár og hann hefur greitt háar fjárhæðir til hins opinbera, bæði í hefðbunda skatta og í auðlindagjöld. Það gleymist nú stundum að það var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem kom auðlindagjöldum í sjávarútvegi á. Hvað varðar hin sér-  
tæku veiðigjöld, sem vinstristjórnin ætlaði að innheimta, þá liggur fyrir að tæknileg útfærsla þeirra var óframkvæmanleg og því lá beint við að hætta við þau. En eins og áður sagði eiga stjórnámálamenn að gleðjast yfir því hve vel gengur í sjávarútvegi og það á að láta atvinnugreinina í friði þegar svoleiðis er. Hugmyndir vinstriflokkanna, ekki síst Samfylkingarinnar, um skattheimtu í sjávarútvegi voru galnar og það kemur ekki til greina að fara eftir þeim. Ríkisstjórnin hefur ekki verið að hygla hinum betur settu, enda er hún núna að fjalla um sín fyrstu fjárlög. Í þeim verður horft til þess að stöðva hallarekstur ríkissjóðs, almenningi til heilla. Það gagnast öllum jafnt og er grundvöllur þess að hér sé hægt að snúa vörn í sókn í efnahagsmálum.“

### **Allt að 20 þúsund störf**

Vigdís segist full af baráttuhug fyrir næstu ár í stjórnámalunum og horfir á verkefni sín núna í samhengi við langtímastefnu stjórnvalda á kjörtímabilinu. „Við þurfum átján til tuttugu þúsund ný störf inn í íslenskt efnahagslíf á næstu fjórum árum. Ef okkur tekst að skapa umgjörð sem gerir fyrirtækjum mögulegt að skapa þessi störf hefur okkur tekist að koma Íslandi út úr ládeyðunni sem hefur verið hér eftir hrunið. Ég er bjartsýn að eðlisfari og nálgast þessi risavöxnu verkefni sem fram undan eru með bjartsýnina að leiðarljósi.“



# Óvæntur gleði- skammtur

Fetta Bretta: Bíbí og blaka sýnir í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu

**LEIKLIST**  
Kristrún Heiða  
Hauksdóttir

**D**ansleikhússýningin Fetta Bretta vakti með mér gríðarlega kátínu. Þó er ég ekki beinlínis í markhópnum. Sýningin er ætluð börnum á aldrinum eins til fjögurra ára. En þarna er svo sannarlega um sýningu að ræða sem gengur upp eins og hinn besti kapall.

Kúlan er barnasvið Þjóðleikhússins og þar hafa undanfarin ár verið settar upp forvitnilegar sýningar fyrir þennan yngsta hóp leikhúsgesta. Sumir af yngri kynslóðinni eru orðnir hagvanir þarna niðri í kjallaranum og er það vel. Það er hins vegar ekkert sjálfsagt að leikhús fyrir þessa

kröfuhörðu áhorfendur sé bara einhver barnaleikur eða dúlleri. Þegar best tekst til er upplifunin marglaga, óvænt og eftirminnileg og að mínu mati á það allt við um Fettu Brettu. Ég tek þó fram að ég sá ekki sýningu sama hóps, Skýjaborg, sem sýnd var í Kúlunni á liðnu ári.

### **Notalegur hljóðheimur**

Fyrst að tónlistinni. Hún er samin af Sólrúnu Sumarliðadóttur og er notalegur hljóðheimur án orða, með skemmtilegum stefjum og útúrdúrum eins og lög sem renna sundur og saman. Og þetta er músík sem greinilega fer beint í mjaðmir og litlar tær því stór hluti leikhúsgesta var á stanslausu iði þegar hún heyrðist. Þrátt fyrir látleysið leitar tónlistin á mann eftir á – sem er mikið gæðamerki. Ég mæli með því að foreldrar sem kannski þrjá að hvíla Útvarp Latabæ og prumpulögin setji tónlist Sólrúnar á fóninn og andi léttar.

Dansararnir Inga Maren Rúnarsdóttir og Snædís Lilja Ingaðóttir voru dásamlegar sem þessir „ólíkustu tvíburar í heimi“, Fetta og Bretta. Klifrandi, stríðandi, rennandi saman og sundur og vinnandi sem eitt. Þær fara líka langt á útgeisluninni og sjarmera krakkana upp úr skónum. Danshöfundurinn Tinna Grétarsdóttir hefur unnið haganlega með þeim og tvinnað leikmynd Guðnýjar Sigurðardóttur saman



við. Þetta er í fyrsta sinn sem ég upplifi svo bókstafllega leikmynd. Einföld, hörð en þó mjúk geómetrisk form, eins og ofvaxnir svamp-brio-kubbar, sem vekja til skiptis byggingar- og niðurrifsþrá.

### **Þakklátt gæðaefni**

Fetta Bretta er þakklátt gæðaefni fyrir fjölskyldur sem innihalda smáfólk. Fyrir fullorðna er þetta óvæntur gleðiskammtur, það er gaman að fylgjast með sýningunni en ekki síður viðbrögðum litlu gestanna sem sumir greina ekki milli sviðs og áhorfendasvæða og vilja dansa með. Hápunkturinn fyrir smáfólkið er mögulega eftir hina eiginlegu sýningu þegar þau mega leika sér í leikmyndinni. Það er kannski besta leiðin til að tryggja upplifunina í undirmeðvitundinni hjá þeim, að leyfa þeim að stíga inn í hana. Hversu oft hefur maður ekki óskað þess sjálfur, harðfullorðinn leikhúsgestur, að mega stíga inn í leikmynd og týna sér aðeins?

DU M<sup>r</sup> CHEVALIER  
MUNICIPAL  
SIE LYCKLAMA  
i. (Veirp.7)  
des Anglais  
l d'Italie  
Carnot  
du Petit Juss  
Titien  
de Grasse  
Vauban  
St-Nicolas  
Mimont  
C<sup>te</sup> Marie  
l Mont Fleuri  
Guynemer  
d'Alsace  
Châteaudun  
de Strasbourg  
Vallombrosa  
M<sup>re</sup> Joffre  
M<sup>re</sup> Foch  
Gambetta  
Élix Peure  
Antibes  
de l'H de Ville  
ées de la Libert  
des Îles  
Belges  
Andre  
de La Croix  
Canada



# Innihaldið skiptir öllu

Efnismarkaðssetning byggir á því að fyrirtæki verði sjálfstæður útgefandi á efni í stað þess að kaupa auglýsingar og umfjallanir

## MARKAÐSMÁL

Jón Heiðar  
Þorsteinsson

Markaðssérfræðingur  
hjá Advania

**M**argir tengja markaðsmál fyrst og fremst við yfirborðs- og auglýsingamennsku. Í ljósi þess að auglýsingar tröllríða tilveru okkar er það ekkert skrítið. Við þetta er þó margt að athuga. Markaðsmál snúast ekki bara um að kaupa kynningu á vöru og þjónustu í fjölmiðlum. Þau snúast einnig um aðra mikilvæga þætti eins og til dæmis verðlagningu, eiginleika vöru, gæði þjónustu og hvar og hvernig vörur eru seldar og afhentar viðskiptavinum.

Reyndar fær markaðsfólk sjaldnast að koma nálægt neinu af ofangreindu nema auglýsingum en sú sorgarsaga

verður ekki rakin hér. Þess í stað verður fjallað stuttlega um aðferðafræði í kynningar- og markaðsmálum sem kallast „content marketing“ á ensku, en þetta hugtak hefur verið þýtt sem efnismarkaðssetning.

### **Hvað er efnismarkaðssetning?**

Efnismarkaðssetning snýst um að fyrirtæki búi til og dreifi hagnýtu, skemmtilegu og áhugaverðu efni til skýrt afmarkaðra markhópa sem fyrirtækið vill ná til. Efnismarkaðssetning byggir á þeirri kenningu að með því að gefa fólki hagnýtar upplýsingar á forsendum þess með áhuga-verðum hætti muni það skila sér í aukinni sölu og langtíma-trygð við vörumerki til lengri tíma litið.

### **Mikil vinna sem getur borgað sig til lengri tíma**

Efnismarkaðssetning er langtímaverkefni sem þarf að vera samhæft öðrum aðgerðum í markaðs- og kynningarmálum. Hún byggir á því að fyrirtækið verði sjálfstæður útgefandi á efni en reiði sig síður á á kaup á auglýsingum og umfjöllun í fjölmiðlum. Til að fyrirbyggja misskilning er rétt að geta þess að eitt útilokar ekki annað í þessum efnum. Það ætti þó að vera markmiðið með efnismarkaðssetningu að fyrirtæki komist í þá stöðu að eigin útgáfa geti með tíð og tíma komið í staðinn fyrir dýrar auglýsingaherferðir að verulegu leyti.

### **Margir möguleikar í dreifingu efnis**

Efni sem fyrirtæki geta dreift til markhópa sinna getur verið af ýmsu tagi. Þar má nefna leiðbeiningar eða fræðslu-efni, dæmisögur (e. case studies), vídeó, blogg, vitnisburður viðskiptavina, fréttabréf, myndir, myndrænt tölfræðiefni (e. infographics) og jafnvel bækur. Efnismarkaðssetning er gjarnan á öðrum nótum en hefðbundnar auglýsingar þó að línan þarna á milli sé auðvitað óskýr í reynd.

### **Ekki alveg það nýjasta í markaðssetningu**

Efnismarkaðssetning er hvorki ný eða frumleg aðferðafræði í markaðsmálum. Um þarsíðustu aldamót dreifði

dekkjaframleiðandinn Michelin bæklingum til ökumanna með upplýsingum um góða viðkomustaði við Þjóðvegi Evrópu. Ætlunin var að fá menn til að keyra meira og byggja upp jákvæða ímynd Michelin. Efnismarkaðssetning hefur hins vegar gengið í endurnýjun lífdaga enda hentar hún sérstaklega vel á netinu, þar sem það verður sífellt auðveldara fyrir fyrirtæki að gefa út eigið efni. Reyndar má segja að efnismarkaðssetning sé forsenda fyrir árangursríku markaðsstarfi á netinu.

### **Gott efni er gulli betra**

Neytendur nota netið í sívaxandi mæli til að leita sér upplýsinga um vöru og þjónustu. Til þess nota þeir samfélagsmiðla eins og Facebook eða leitarvélar eins og Google. Á samfélagsmiðlum verða þau fyrirtæki ofan á sem hafa eitthvað að segja, eiga gott efni sem notendur vilja deila áfram og hafa gagn og gaman af. Leitarvélar verðlauna vefi fyrirtækja sem innihalda gott efni sem svarar spurningum notenda með efstu sætum í leitarniðurstöðum. Þegar talað er um leitarvélar er ekki aðeins átt við Bing og Google heldur má alls ekki gleyma Youtube, sem er næst stærsta leitarvélin á netinu. Því getur borgað sig að rækta garðinn þar.

### **Hvað þarf að gera til að byrja?**

En hvernig getur hið dæmigerða íslenska fyrirtæki ástundað efnismarkaðssetningu? Hugsa þarf út frá þörfum og áhuga þeirra sem fyrirtækið vill ná til. Margar spurningar vakna: hverjir eru markhópar fyrirtækisins og hvaða viðhorf hafa þeir til fyrirtækisins? Hverju hafa markhópar fyrirtækisins áhuga á? Hvaða samfélagsmiðla nota þeir? Hvaða leitarorð nota þeir helst þegar þeir leita á leitarvélum að vöru og þjónustu eins og þeirri sem fyrirtækið selur? Í hvaða mála-flokkum getur fyrirtækið markað sér sess sem leiðandi aðili og hver er staðan núna? Enn fremur þarf að athuga hvort vefur fyrirtækisins er þannig úr garði gerður að hann styðji við það sem gera þarf. Þá þarf kannski að stofna síður á Facebook, Youtube eða á öðrum samfélagsmiðlum.



## **Byrjum einfalt og gerum það vel**

Þegar þetta liggur allt fyrir er kjörið að gera sér grein fyrir þeirri þekkingu sem er til innan fyrirtækisins. Stundum (en þó ekki alltaf!) leynast vel ritfærir snillingar með brennandi áhuga og þekkingu á fagi sínu á vinnustöðum. Til dæmis er kjörið að fá þessa starfsmenn til að blogga reglulega á vef fyrirtækisins og deila færslum á samfélagsmiðlum. Einnig má bjóða viðskiptavinum að fá áskrift að blogg færslum í tölvupósti. Ef vel tekst til má jafnvel „plögga“ góðum færslum í fjölmiðla. Gefist þetta vel má færa út kvíarnar í frekari útgáfu, til dæmis með því að búa til vídeó sem sett eru á Youtube og dreift á samfélagsmiðlum.

## **Vítamín fyrir vefinn**

Markviss efnismarkaðssetning getur verið vítamínsprautu fyrir vefi fyrirtækja og getur bjargað þeim frá því að daga uppi sem staðnaðir og úreltir bæklingar. Það getur skilað mikilli breytingu til batnaðar ef horft er með gagnrýnum augum á vef fyrirtækisins og spurt hvort hann sé í alvöru að veita þeim sem hann á að þjóna gagnlegar upplýsingar eða virðisaukandi þjónustu. Ef svo er ekki þarf að einhenda sér í að búa til gott efni og gæta þess síðan að það úreldist ekki.

## **Þolinmæði og úthald er lykill að árangri**

Ef tilfinningin er sú að þetta sé allt saman mikil vinna sem taki langan tíma að skila sér þá er það hárrétt. Efnismarkaðssetning er langtímaverkefni þar sem dropinn holar steininn og enginn ætti að fara af stað í hana nema vera tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu til framtíðar. Uppskeran getur verið ríkuleg og skilað efstu sætum í niðurstöðum í leitarvélum, vinsældum á samfélagsmiðlum, vel sóttum og mikið notuðum vefjum og góðu sambandi við stóran hóp tryggra viðskiptavina.



## Jól bragðlaukanna hefjast 20. nóvember á Sjávargrillinu

**Jólagrillpartí Sjávargrillsins** - Harður pakki fullur af mykt, fjöllaga góðgæti sem skilar hinni sönnu upplifun yls, friðar og allsnæga. Afgreitt fyrir borðið í heild. Verð 8.700 á mann.

**Sælkerapakkinn Sjávargrillsins** - fjöggra rétta hátíðarblanda fjölbreytileika og ferskra hugmynda í bland við hefð. 7.900 á mann.

**Litlujólín** - í hádeginu eru litlujólín sem reyndar eru fullvaxin briggja rétta jólaveiða, forréttur er jólaplatti aðalréttur, kjöt- eða fiskitvenna og í eftirrétt, ris ála mandé með heltri karamellusósu með jólabragði.

**Fílubomba og fínmeti** - Skótuilmurinn liðast upp eftir Skólavörðustígnum á Þorláksmessu 11:30 til 16:00 Verð 4.900 á mann  
**Pantið tímanlega**, nú þegar farið að þéttast í árlega Skótuveislu Sjávargrillsins.



SKÓLAVÖRÐURSTÍGUR 14 • 101 Reykjavík  
www.sjavargrillid.is • Sími 571 1100

**Opunartími yfir hátíðarnar.**

23. des 11:30-16:00 & frá 17:00

24. & 25. des lokað 26. des frá 17:00

31. des 11:30-16:00 & frá 17:00 1. jan frá 17:00



Deildu með umheiminum



# Öryggi upplýsinga

Svana Helen Björnsdóttir skrifar um öryggi upplýsinga, en brátt eru 25 ár síðan fundin var upp leið sem auðveldaði fólki að skiptast á skjölum á internetinu



**B**rátt eru liðin 25 ár síðan Tim Berners-Lee hjá rannsóknarstofnuninni CERN í Genf fann upp leið sem einfaldaði mjög fyrir fólk að skiptast á skjölum yfir internetið. Veraldarvefurinn byggist á þessari tækni og hefur leitt til þjóðfélagsbreytinga sem engan óraði fyrir og eru stundum settar í sama flokk og uppgötvun prentlistarinnar eða iðnbyltingin. Er þetta enda oft nefnt upplýsingabyltingin. Með henni eru dagleg samskipti heimshorna á milli orðin sjálfsagður hlutur, fólk sækir sér upplýsingar um gervalla jarðarkúluna þegar á þarf að halda og nýtur skemmtunar úr fjarlægum heimsálfum. Byltingin hefur breytt miklu í lífi einstaklinga og fyrirtækja, flestu til batnaðar.

Byltingum fylgja þó ávallt miður æskilegar hliðarverkanir. Við Íslendingar urðum fyrir barðinu á einni slíkri um síðustu mánaðamót þegar misindismaður úr óvæntri átt réðst að vef Vodafone á Íslandi, stal þaðan viðkvæmum persónuupplýsingum og kom í almenna dreifingu. Fórnarlömbin eru fyrirtæki Vodafone og viðskiptavinir þess en hagnaður glæpamannsins í raun eingöngu sá að geta barið sér á brjóst meðal sinna líka. Aðrir hafa skömm á athæfinu. Almennigur á Íslandi krefst í kjölfarið aukins öryggis og þess að svona atburðir gerist ekki aftur.

„Aukið eftirlit getur ekki tekist á við svo umfangsmikið og flókið verkefni sem upplýsingaöryggi er. Það gerir lítið annað en að veita falska öryggiskennd.“

Viðbrögð flestra ráðamanna voru í samræmi við reynslu og tengd starfs- umhverfi þeirra sjálfra. Þeir töldu svörin liggja í stjórnkerfinu, efla skyldi eftirlit með upplýsingaöryggi sem flestra þjónustufyrirtækja. Hér er fullyrnt að slíkar ráðstafanir skila litlu. Aukið eftirlit getur ekki tekist á við svo umfangsmikið og flókið

verkefni sem upplýsingaöryggi er. Það gerir lítið annað en að veita falska öryggiskennd. Þó að eftirlitsaðilar séu skipaðir hæfu og dugmiklu starfsfólki hafa þeir ekki roð við hinum flókna og síbreytilega heimi upplýsingaöryggisins. Sömu vandamálin er að finna hjá litlum þjóðum og stórum. Umfang verkefnanna er það sama. En hjá smærri þjóðum eins og okkur Íslendingum er mannaflinn til að sinna þeim miklu minni. Kostir til sérhæfingar eru takmarkaðir og efni til að halda úti eftirlitsstofnunum eru mun lakari en meðal stærri þjóða.

Hvernig er þá hægt að auka upplýsingaöryggi Íslendinga, fyrirtækja og almennings?

Svarið felst í því að auka þekkingu og vitund og fylgja stöðlum um öryggi upplýsinga. Almennigur þarf að læra ábyrga hegðun á netinu, forðast gylliboð, fara ekki inn á vafasamar vefsíður og hafa virka vörn – eldvegg – í tölvum og/eða beini (e. router) sínum. Einnig þarf að hafa veiruvörnir í góðu horfi með viðurkenndum varnarhugbúnaði. Þráðlaus heimanet (WiFi) þarf að verja með WPA2-aðferðinni (Wireless Protected Access), ekki dugir að nota WEP. Mikilvæg lykilorð eins og þau sem notuð eru í heimabanka eiga að vera flókin og búin til úr há- og lágstöfum, tölum og táknum. Slík lykilorð ættu einnig að vera einstök, þ.e. fólk ætti að forðast að nota sama lykilorðið í heimabanka og á öðrum stöðum á netinu. Lykilorð þarf að geyma á öruggum stað og alls ekki hafa þau á glámbekk.

„Stjórnvöld munu ekki ná tilætluðum árangri ef þau beina kröftum eða fjármunum í meira eftirlit, heldur með því að stuðla að frekari menntun og upplýsingu á þessu sviði.“

Fyrirtæki sem fara með upplýsingar almennings og þau sem vilja sem mest upplýsingaöryggi þurfa að fylgja stöðlum um upplýsingaöryggi. Þeir eru nokkrir, en sá almennasti heitir ISO 27001 og er alþjóðlegur mælikvarði á hlítinu við öryggiskröfur. Nokkur íslensk fyrirtæki eru vottuð um að fullnægja ISO 27001 staðlinum. Að fylgja slíkum staðli í einu og öllu getur ekki talist skemmtileg vinna, en er ómaksins vert. Setja þarf ýmiss konar reglur um umgengni og hegðun starfsmanna og fylgja löngum lista af öryggiskröfum. Beita þarf talsverðum aga til að ná markmiðum staðalsins. Ávinningurinn er þó ótvírætt sá að öryggi upplýsinga sem fyrirtæki er ábyrgt fyrir stóreykst og æðstu stjórnendur þess njóta betri svefns. Samkvæmt staðlinum bera þeir ábyrgð á öryggi upplýsinganna og geta ekki vísað henni frá sér, á undirmenn sína eða verktaka.

Í upplýsingaheiminum er ekkert til sem heitir algert öryggi – nema að vera ótengdur og fara þar með á mis við öll þau gæði sem í boði eru. Þeir tengdu geta hins vegar lágmarkað áhættuna með þeim aðferðum sem nefndar hafa verið. Stjórnvöld munu ekki ná tilætluðum árangri ef þau beina kröftum eða fjármunum í meira eftirlit, heldur með því að stuðla að frekari menntun og upplýsingu á þessu sviði. Gott dæmi um jákvæða aðgerð stjórnvalda er uppsetning sérstaks viðbragðshóps, hins svonefnda CSIRT-hóps (Computer Security Incident Response Team), sem starfar undir umsjón Póst- og fjarskiptastofnunar. Hópurinn safnar upplýsingum um ógnir og kemur þeim á framfæri við rétta aðila. Hann hefur gott samstarf við sambærilega hópa í nágrennalöndunum. Að lokum skal bent á góða vefsíðu um upplýsingaöryggi, [www.netoryggi.is](http://www.netoryggi.is), sem Póst- og fjarskiptastofnun heldur úti. Þar er að finna mörg heilræði sem stuðla að auknu upplýsingaöryggi.



**UM HÖFUNDINN**  
Svana Helen Björnsdóttir Svana Helen er rafmagnsverkfræðingur og sérfræðingur í tölvuöryggismálum og áhættustjórnun.

## HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

# Meiðyrði og viðskiptafléttur

Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl. segir frá athyglisverðum dómum Hæstaréttar á árinu 2013



**A**f ýmsu er að taka þegar skoða skal og fjalla um áhugaverða dóma Hæstaréttar sem kveðnir hafa verið upp á árinu. Þykir höfundur rétt að nefna eftirfarandi dóma en þó verður að taka fram að þessi skoðun var framkvæmd af nokkru handahófi.

**Hrd. 383/2012**  
**Björn Bjarnason**  
**gegn Jóni Ásgeiri**  
**Jóhannessyni,**  
**kveðinn upp**  
**24. janúar 2013**

Jón Ásgeir höfðaði meiðyrðamál gegn Birni vegna ummæla sem finna mátti í bók Björns, Rosabaugur yfir Íslandi, og Jón Ásgeir taldi vega gegn æru sinni. Var krafist ómerkingar, refsingar, skaðabóta og greiðslu fjárhæðar til að kosta birtingu dómsins.

Ummælin voru ómerkt bæði í héraði og í Hæstarétti. Í dómi Hæstaréttar er að finna áhugaverða umfjöllun um réttaráhrif afsökunarbeiðni á bæði refsíákvörðun og miskabótaákvörðun en Björn hafði beðist afsökunar á ummælum sínum bæði á heimasíðu sinni og með aðsendri grein í Morgunblaðinu. Um þetta vísaði rétturinn til tveggja eldri dómafordæma til stuðnings þeirri fullyrðingu að leiðrétting rangra ummæla og afsökunarbeiðni hafi réttaráhrif til að milda eða fella niður refsingu fyrir ummælin. Í téðum dómi gekk rétturinn þó lengra og sagði að „á síðari árum hefur slík eftirfarandi háttsemi einnig verið talin eiga að hafa áhrif á bótaábyrgð þess sem ummælin viðhafði“. Í framhaldinu sýknaði rétturinn Björn af miskabótakröfu, refsikröfu og kröfu til greiðslu fjárhæðar til birtingar dómsins. Ómerkingardómurinn var hins vegar staðfestur, eins og áður segir. Má velja fyrir sér hvort þarna sé að finna vísbendingu um það að í kjölfar afsökunarbeiðni sé á brattann að sækja bæði refsikröfu og bótakröfu á hendur þeim sem meiðandi ummæli viðhafði. Það má reyndar bæta við þeirri skoðun höfundar að refsikröfur í meiðyrðamálum séu 'barn síns tíma' og því fyrir sem þær hverfa úr íslenskum hegningarlögum því betra.

**Hrd. 200/2013**  
**Björgvin Guðmundsson**  
**gegn Péttri**  
**Gunnlaugssyni,**  
**kveðinn upp**  
**7. nóvember 2013**

Í þessum dómi var hins vegar ekki talið að afsökunarbeiðni og leiðrétting rangra ummæla skyldi hafa sömu áhrif og í ofangreindum dómi, heldur voru ummælin ómerkt og ritstjóri fjölmiðilsins sem viðhafði ummælin dæmdur til greiðslu miskabóta. Virðist þar helst koma til skoðunar að Viðskiptablaðinu, sem ummælin birti, hefði gefist nægt ráðrúm til að kanna réttmæti frásagnarinnar áður en hún var birt með því að bera hana undir hlutaðeigandi aðila. Þar sem það hafði ekki verið gert, sem og þar sem ummælin gætu ekki talist eðlilegt framlag til opinberrar umræðu um þjóðfélagsmál, voru þau ómerkt og miskabætur dæmdar.

**Hrd 521/2012**  
**Ákærvaldið gegn**  
**Andreu Kristínu**  
**Unnarsdóttur, X,**  
**Elíasi Valdimar**  
**Jónssyni, Y, Jóni**  
**Ólafssyni og Óttari**  
**Gunnarsyni,**  
**kveðinn upp**  
**31. janúar 2013**

Téður dómur vakti mikla athygli á árinu, einkum vegna sératkvæðis Ingibjargar Benediktsdóttur hæstaréttardómara. Meirihluti réttarins taldi að sú háttsemi að stinga fingrum upp í endaparm brotaþola og leggöng og klemma þar á milli, varðaði ekki 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að háttsemin teldist ekki „önnur kynferðismök“ vegna þess að háttsemin hafði haft þann tilgang að meiða brotaþola en hefði ekki verið framin í kynferðislegum tilgangi. Þessu var minnihluti réttarins alls ósammála enda bæri að túlka 1. mgr. 194. gr. alm. hgl. með þeim hætti að nægjanlegt væri að umrædd háttsemi væri almennt til þess fallin að veita gerandanum kynferðislega fullnægju og skipti þá ekki máli hvort tilgangur gerandans í umrætt sinn hefði verið kynferðislegur eða ekki. Taldi minnihlutinn að með háttseminni hefði brotaþoli verið beittur „grófu kynferðislegu ofbeldi“ og brotið „freaklega gegn kynfrelsi hennar“.

**Hrd. 410/2012**  
**Kaupþing banki hf.**  
**gegn Commerzbank**  
**AG, kveðinn upp**  
**16. ágúst 2012**

Þá er rétt að geta nýlegs dóms, sem kveðinn var upp 4. desember síðastliðinn um sönnun á tilvist og efni erlendra réttarreglu. Áður en að þeim dómi verður vikið er rétt að fjalla fyrst um annan eldri dóm Hæstaréttar um sama efni:

Í 2. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir að sá sem ber fyrir sig erlenda réttarreglu verður að leiða tilvist og efni hennar í ljós. Þetta þýðir að sönnunarbyrði um efni erlendra réttarreglu hvílir á þeim sem byggja vill rétt á henni. Réttarreglur eru eðli sínu samkvæmt háðar túlkun og því oft fyrirsjáanlega nauðsynlegt að sanna þurfi hvernig tiltekinni réttarreglu sé beitt í framkvæmd eða meðförum erlendra dómstóla. Í téðu dómsmáli var um slíkt að ræða og hafði Commerzbank aflað sér lögfræðilegrar álitsgerðar frá erlendum sérfræðingi um efni og tilvist hinnar erlendu réttarreglu sem byggt var á. Í þessu skyni vildi Commerzbank leiða þann sérfræðing sem vitni frá framlagða álitsgerð hafði samið. Um það sagði Hæstiréttur: „Sönnunarskyldu um efni og tilvist erlendra réttarreglu samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 verður ekki fullnægt með því að afla álits hjá erlendum málflytjendum eða öðrum sjálfstætt starfandi sérfræðingum.“ Orðalag Hæstaréttar er hér afdráttarlaust. Efni og tilvist erlendra réttarreglu verður ekki sannað með lögfræðilegri álitsgerð erlendra sérfræðinga.

Að þessu sögðu virðist nýlegt fordæmi Hæstaréttar ganga þvert gegn ofangreindum dómi:

**Hrd. 739/2013**  
**Bakkabraedur**  
**Holding B.V gegn**  
**Arion banka hf.**  
**kveðinn upp**  
**4. desember 2013**

Hér virðist kveða við allt annan tón: „Til sönnunar þeirri staðhæfingu að birting stefnunnar hafi verið óheimil samkvæmt breskum eða enskum lögum hefur sóknaraðili einungis lagt fram „afrit af þeim hluta bresku einkamálaganna sem varða birtingu“, án þess að því skjali hafi fylgt þýðing á íslensku eða álit annars

en hans sjálfs á því hvernig skýra beri þessi erlendu lagaákvæði“. Verður ekki annað sagt um þessa niðurstöðu en að hún gangi algerlega í berhöggi við ofangreint dómafordæmi þar sem tekið var fram að öflun álits erlendra sérfræðing til sönnunar á efni og tilvist erlendra réttarreglu væri þýðingarlaus. En í þessum nýja dómi virðist eindregið kallað eftir því, samanber orðalagið að á skorti að málsaðili hefði lagt fram „álit annars“ en hans sjálfs á því hvernig túlka bæri téð lagaákvæði. Hér er því uppi réttaróvissa um hvernig sanna beri efni og tilvist erlendra réttarreglu og litla vísbendingu að finna fyrir málflytjendum hvort hæstiréttur geri kröfu um öflun sérfræðialits eða ekki til sönnunar. Málflytjendum kann því að vera vandi á höndum í þessum efnum. Athygli vekur að báðir dómarnir sem nefndir hafa verið sem fjalla um sönnun á efni og tilvist erlendra réttarreglu eru kveðnir upp af þremur dómurum Hæstaréttar.

Eins og áður segir liggur ekki tæmandi lögfræðileg rannsókn til grundvallar handahófskenndu vali ofangreindra dóma. Þess má einnig geta að á árinu kvað Hæstiréttur upp dóma í flóttamannamálum sem áhugaverðir mega teljast, sem og dóma hvar áfram var fjallað um gengislanamál.



**UM HÖFUNDINN**  
Sigríður Rut Júlíusdóttir er hæstaréttarlögmaður á lögmannsstofunni Rétti.



# Nokkur orð í viðbót um póstmódernisma og pólitík

Bárður Halldórsson skrifar síðari grein sína um póstmódernisma



Íslenskir jafnaðarmenn lögðu meir og meir eftir því sem leið á 20. öldina upp úr félagslegum lausnum á vanda láglaunafólks, svo sem verkamannabústöðum, lífeyris- og orlofsgreiðslum, og nálguðust Sjálfstæðisflokkinn verulega þegar þeir náðu saman um öflugt séreignahúsnæðiskerfi á Viðreisnarárrunum, en þá náðu saman framsæknustu og hófsömustu öfl beggja þessara flokka og leiðin virtist þá um stund vera greið til fyrirheitna landsins um afnám sérréttinda, skömmtunar lífsgæða og einokunar sem ævinlega leiðir til og slæst í föruneysi með lénsveldinu.

## Gert út á ótta

Svo kom goðsagan til sögunnar. Lífseigasta goðsaga allra tíma er alltaf sú sama eða tilbrigði við hið sama: Lífsgæðum okkar er ógnað, tilveru okkar er ógnað og við verðum að grípa til harkalegra aðgerða. Gert er út á óttann um afkomuna. Í fornum samfélögum var þessi goðsaga oft byggð á ótta við nágranna, ótta við náttúruöflin – ótta við guðina. Þessi saga er klædd í ýmsan búning eftir því á hvaða þróunarstigi samfélagið er. Upp úr 1970 komst í tísku meðal náttúruvísindamanna sú kenning að allar auðlindir væru á þrotum. Hér á landi varð aflabrestur eins og verið hefur hér á landi alltaf öðru hvoru eins lengi og heimildir ná til. Íslendingar tóku þá að reyna að stýra fiskveiðum með ýmiss konar höftum – sóknarstýringu og reglum um lengd og búnað fiskiskipa. Svo datt mönnum í hug það snjallræði að úthluta hlutdeild í óveiddum fiski – kvótinn varð til – í fyrstu var hann bundinn við afla liðinna ára og úthlutað árlega samkvæmt tillögum fiskifræðinga. Síðan kom svo gjafakvótinn – hinn framseljanlegi veiðiréttur sem um leið varð andlag til veðsetningar. Þá varð fjandinn laus. Ástæðulaust er að rekja þá sögu, en í stuttu máli sagt: Allt byrjaði með kvótanum sem náði hámarki með hruninu. Hér verður aðeins dregið á áhrifin á siðferðið – áhrifin á stjórnmálin – áhrifin á hina pólitísku hugsun á Íslandi.

## Baráttusamtök fyrir sérhagsmunum

Flokkur allra stétta – flokkurinn sem harðast hélt fram rétti allra til bjargálna, markaðsfrelsinu og frelsinu til athafna – flokkurinn sem hampaði hinum allslausu sem börðust til auðlegðar – á la Einar Guðfinnsson og Haraldur Böðvarsson – varð nú baráttusamtök fyrir sérhagsmunum, einkaleyfum og lögverndun gegn markaðsbúskap! Ekki mátti setja kvótann á uppboð, ekki mátti setja reglur um frjáls markaðsviðskipti í sjávarútvegi – heldur skyldu öll viðskipti í sjávarútvegi bundin innan fámenns hóps. Það er hollt að hafa í huga að þær breytingar sem gerðar voru til markaðsbúskapar í útflutningi sjávarafurða voru ekki að frumkvæði Davíðs Oddssonar eða annarra af foringjum Sjálfstæðisflokksins; Jón Baldvin Hannibalsson á þar einn allan heiður og þegar saga þessara ára verður skrifuð verður honum skipaður miklu hærrí sess en hinna lágstígu frjálshyggjumanna sem hafa kennt sig við Eimreiðina en eiga ekkert sameiginlegt með henni – miklu nær væri að kenna þá við hægfærar skreiðarlestir fyrri tíma sem fluttu píningsgróða landeigenda upp í næringarlausar sveitirnar þar sem afturhaldið sat og lagði á ráðin um hvernig hægt væri að koma sem flestum upp á kóngsins brauð með hörðum dómum fyrir litlar sakir.

## Rannsóknarefni

Það er reyndar stórmerkilegt rannsóknarefni og hlýtur fyrr eða síðar að verða viðfangefni sagnfræðinga, hvernig Alþýðuflokkurinn undir forystu Jóns Baldvins kemur á frjálsræði í verslun með sjávarafurðir og síðast en ekki sízt hljóta menn að velja því fyrir sér hvað hefði gerst ef Jón Baldvin hefði ekki gert út á þorsta Davíðs Oddssonar til valda og keypt stuðning hans við evrópska efnahagssvæðið sem er grundvöllur allra framfara á Íslandi síðustu 20 árin hvort heldur sem er á sviði mannréttinda, velferðar, efnahagsmála eða samgangna og hefur þannig í rauninni orðið jafnvel farsælla Íslendingum heldur en 12 ára Viðreisnarstjórnin og skal þó hvergi dregið úr stuðningi undirritaðs við hana. Líklega verður sú fórn Jóns Baldvins (hann fórnaði forsætisráðherrastólnum fyrir málstaðinn) færð á spjöld íslenskrar sögu sem algert einsdæmi og kannski verður það ásamt einurð hans og dirfsku í baráttu Eystrasaltsríkja fyrir frelsi glæsilegasta afrek íslensks stjórnmálamanns á 20. öld. Þetta er verðugt rannsóknarefni fyrir unga sagnfræðinga.

## Endurskrifa söguna

Mér kemur reyndar stundum í hug saga af Gerd von Rundstedt sem átti að hafa við undirbúning innrásarinnar í Frakkland í upphafi seinni heimsstyrjaldar sópað burtu landakortum í stórum skala sem sýndu Frakkland í smáatriðum og öskrað á herforingjaráðið: Látið mig hafa kort í lágum skala – ég vil hafa yfirsýn! Þetta mættu menn gjarnan hafa í huga og fara að endurskrifa söguna með tilliti til þess að flestir eru fyrir nokkuð löngu komnir út úr torfbæjunum og engin þörf að skrifa Íslandssöguna, sakbitinn með brjóstið fullt af trega vegna svika við sveitina eins og skáldin á 4. og 5. áratug síðustu aldar. Hvort tveggja er nauðsynlegt – að hafa nærsýn og yfirsýn. Yfirsýn má ekki glatast. Menn mega ekki gleyma sér við að rýna ofan í þúfurarnar. Það þarf líka að sinna gróðurhverfunum!

En víkjum þá aftur að pólitík á Íslandi. Nú eru að festast í fylgi nýir flokkar – Björt framtíð og Píratar. Enn virðist Sjálfstæðisflokkurinn ekki ná því að brjóta af sér helfjötra hagsmunanna. Þar veldur mestu að þar hefur ekki verið unnið að skilgreiningum og aðeins örfáir þingmenn þar sem virðast hafa skoðanir (BN, VB) og þora að tala fyrir þeim. Sjálfstæðismenn standa nú frammi fyrir því að þurfa að svara því fyrir hvaða fólk þeir vilja berjast, hvort þeir vilji festa sig sem málsvara sértækra lausna fyrir sérhagsmunum, verja einokun og hafna frelsi til athafna – með öðrum orðum hlaupa undan gunnfána frelsis og híma undir hatti kvótagreifanna – hvort þeir ætli að verða frjálslyndur flokkur opins hagkerfis eða lítið samfélag afturhaldsfólks sem ekki ætlar að standa lengur með litlum manni sem setur mótur í bát og breytir gangi sögunnar...

## Lítill sértrúarsöfnuður

VG er sömuleiðis að festa sig sem lítill sértrúarsöfnuður utan um gömul trúarbrögð og hefðir í bland við afdalahyggju og hefur í rauninni ekki upp á neina hugmyndafræði að bjóða nema einhvers konar blöndu af blessuðsértusveitinmín og útlendingahatri og verða þótt undarlegt sé með tímanum helst í selskap með þeim hluta Sjálfstæðisflokksins sem óttast útlendinga og jafnvel hatar þá.

Hvað verður þá um Samfylkinguna – þessa best heppnuðu sameiningu vinstrianna – fram að síðustu kosningum. Hún molnar undan samkeppni frá BF og Pírötum, nema menn leggist þar undir feld og fari í skilgreiningar og sjálfsskoðun og spyrji sig þessarar klassísku spurningar: Með hverjum ætla ég að standa? Hvert er mitt fólk? Er það skuldum sliguð millistétt Íslands eða skuldlausir gamlir flokksgæðingar? Ef svarið er það að flokkurinn ætli að standa með sjónarmiðum Sighvats Björgvinssonar þá verður næsti landsfundur haldinn á Café Catalina.



**UM HÖFUNDINN**  
Bárður Halldórsson Höfundur kenndi latínu, sögu og íslensku við Mennta-skólann á Akureyri 1968-1987 en hefur síðan stundað viðskipti í Reykjavík og rekur nú fasteignafélagið Lindberg og fæst við þýðingar á Ciceró í frístundum. Þetta er síðari grein af tveimur.

„Ekki mátti setja kvótann á uppboð, ekki mátti setja reglur um frjáls markaðsviðskipti í sjávarútvegi – heldur skyldu öll viðskipti í sjávarútvegi bundin innan fámenns hóps.“

„Nú eru að festast í fylgi nýir flokkar – Björt framtíð og Píratar. Enn virðist Sjálfstæðisflokkurinn ekki ná því að brjóta af sér helfjötra hagsmunanna.“



# Saman stöndum við – sitt í hvoru lagi

Guðmundur Gunnarsson skrifar um aðdraganda Þjóðarsáttar og ástandið í dag



**Þ**að er stundum ágætt að staldra við og líta um öxl og athuga hvort á liðnum árum sé eitthvað sem vert er að rifja upp. Ef litið er yfir stöðuna á vinnumarkaðnum í dag er hún um margt svipuð og þegar verkalýðshreyfingin ákvað að taka höndum saman og þvinga stjórnvöld til þess að taka á efnahagsvandinum. Aðdragandi Þjóðarsáttarsamninga árið 1990 var alllangur, þróun sem stóð yfir í áratug. Verðbólgan fór í árslok 1979 upp í um 60%. Niúnda áratuginn hækkuðu lágmarkslaun rafiðnaðarmanna um 2.500%. Heildarkjarasamningar milli ASÍ og VSÍ voru undirritaðir í október 1980. Samið var um liðlega 10% meðalkauphækkun og umtalsverða hækkun lægstu launa. Ríkisstjórnin liðkaði til með félagsmálapökkum. Kostnaðarauki kjarasamninganna reyndist langt umfram getu ríkissjóðs og fyrirtækjanna, þannig að gengið var látið síga. Í ársbyrjun 1981 var verðbólgan aftur komin í um 60%. Gjaldmiðilsbreyting var framkvæmd 1. janúar 1981 með því að klippa tvö núll af krónunni, en þessi aðgerð var tilraun til þess að auka verðskyn Íslendinga.

## Sundurlyndi og heift

Efnahagsmál á Íslandi voru á þessum tíma hagfræðingum OECD iðulega tilefni til margs konar athugasemda. Hagfræðingarnir bentu á að það einkenndi Ísland hversu mikið sundurlyndi og heift væri meðal stjórnmalaafla, sem væri líklega afleiðing þess hversu greiðan aðgang sérhagsmunahópar hefðu að stefnumótun ráðandi stjórnvalda. Þessi staða skóp vanmátt stjórnvalda til þess að móta heildstæða efnahagsstefnu og fylgja henni eftir. Eftir að Viðreisnarstjórnin fór var áberandi að pólitísk stefnufesta varð minni. Hatrammar deilur milli stjórnmalamanna og -flokka urðu áberandi í keppni um að komast til valda. Klofningsframboð komu fram og tækifærisspólitíkin komst í valdastólana, stjórnir lifðu í skamman tíma. Þeir sem harðast gagnrýndu meðan þeir voru í stjórnarandstöðu settust í valdastólana og voru komnir í þá stöðu að þurfa að sanna að gagnrýni þeirra hefði verið á rökum reist. Þetta framkallaði vitanlega örur og miklar stefnubreytingar, sem öllu síðan miklum sveiflum í

litlu hagkerfi. Verðbólgan tók heldur betur fjörkipp. Fyrri hluta ársins 1983 var svo komið að verðbólgan stefndi í 134%, reyndar ekki á ársgrundvelli, og þótti flestum Íslendingum að nú væri nóg komið.

## Ný stjórn

Stjórnin hrökklaðist frá og fyrsta ráðuneyti Steingríms Hermannssonar tók við stjórnartaumunum. Í árslok 1983 kom í ljós að framfærsluvísitalan hafði hækkað um 84% og hafði aldrei hækkað jafnmikil á einu ári. Stjórn Steingríms greip til ýmissa aðgerða í efnahagsmálum til að ná tökum á verðbólgunni og það tókst að ná samstöðu um hófsama kjarasamninga, sem varð til þess að verðbólgan fór hratt lækkanði og var í árslok 1984 komin niður í 15%. Í febrúar 1984 var undirritaður nýr kjarasamningur til eins árs sem innifól um 15% launahækkun. Opinberir starfsmenn voru hins vegar ákaflega ósáttir við stöðu sína og eftir tæplega mánaðarlöng og umfangsmikil verkföll undirrituðu þeir nýja kjarasamninga í október 1984 með allt að 24% hækkun launa. Spíraláhrifin létu ekki á sér standa og í nóvember undirrituðu ASÍ og VSÍ nýjan kjarasamning með sömu launahækkunum. Laun voru hækkuð að jafnaði um 20% árið 1985.

## Ný vinnubrögð tekin upp

Fram að þessum tíma hafði niðurstaða þríliðuútreikninga (nefnt Excel-skjöl í dag) á verðlagsvísitölu gagnvart launahækkunum verið nýtt sem helsta forsenda kröfugerðar. Í undirbúningi kjarasamninga í ársbyrjun 1986 voru hins vegar tekin upp ný vinnubrögð; á samningaborðinu voru skýrslur um efnahagslegar forsendur, verðbólgu, hugsanlega gengisþróun og stöðu heimilanna. Fyrir undirritun kjarasamningsins var ríkisstjórnin síðan þvinguð til þess að gefa út fyrirheit um að hún myndi halda genginu stöðugu með því að lækka tekjuskatta og útsvar. Öll verkalýðshreyfingin sætti sig við hófsamar launahækkanir, eða 14%, sem var mjög lág tala litið til verðbólguþriggissins. Samningurinn gildi út árið 1986 og náði yfir allan vinnumarkaðinn, þar með talda opinbera starfsmenn. Hann átti að tryggja kaupmátt og var nefndur „Þjóðarsátt“, en síðar „Þjóðarsáttin hin fyrri“.

Verðbólga minnkaði um skamma hríð en þensla á vinnumarkaði leiddi til þess að hún tók að aukast aftur. Nýir kjarasamningar voru gerðir í desember 1986 þar sem laun hækkuðu um 10%. Útreikningum hagfræðinga aðila vinnumarkaðarins lá fyrir að ef ná ætti þeim aukna kaupmætti, sem yfirboðsmenn héldu fram að hefði þurft að sækja, sem var um 40% kauphækkun, hefði það framkallað verulega verðbólguaukningu. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, setti ofan í við þá sem hæst létu og sagði í viðtali um samningana: „Það hefði verið heljarstökk inn í náttmyrkið að fara gömlu verðbólguleiðina. Því ekkert fer verr með þá lægst launuðu en verðbólgan.“

Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, sagði: „Það er augljóst, að með þessum samningum væri verið að taka áhættu. Samningar eru alltaf happdrætti, en oftast hefur launafingur haft það á tilfallningunni þegar upp var staðið, að vinninum hafi á tilfallt verið stöðugt.“ Opinberir starfsmenn voru hins vegar á vordögum fyrir umfangsmiklum verkfallsaðgerðum og uppsögnum og náðu kjarasamningum þar sem laun hækkuðu að meðaltali um 20%, eða helmingi meir en félagsmenn ASÍ höfðu fengið. Allmörgum þótti þetta bera svipað yfirbragð og það sem gerst hafði haustið 1984. Hér var örlogavaldur flokkspólitísk barátta, sem beindist fyrst og síðast að því að koma höggi á sitjandi ríkisstjórn og um leið raunsæis-stefnu ráðandi aðila innan ASÍ.

## Vígstaðan ekki sterk

Árið 1987 kepptust launamenn við að afla sér eins mikilla tekna og frekast var kostur, því skipta átti yfir í staðgreiðslu skatta 1. janúar 1988 og landsmenn greiddu ekki tekjuskatt fyrir árið 1987. Verðbólgan hækkaði í 25% og laun voru hækkuð aukalega um 7%. Það var ekki samflot árið 1988, vígstaða verkalýðsfélaganna á almennum markaði var ekki sterk og atvinnuleysi fór vaxandi. Í apríl 1989 gengu opinberir starfsmenn frá kjarasamningi með 10% launahækkun. Forysta ASÍ krafðist sömu launahækkunar og undirritaði samning á baráttudegi verkalýðsins 1. maí 1989 um sömu hækkun. Gengið seig enn einu sinni og hringekjan fór af stað með umfangsmiklum hækkunum á verðlagi.

Útlitið í efnahagsmálum var æði dökkt í árslok 1989. Verðbólgan var komin í 25% um áramót 1989/90. Gengið hafði verið fellt um allt að 30% á árinu 1989, kaupmáttur rýrnaði, atvinnuleysi fór vaxandi, gjaldþrotum fjölgaði og atvinnulífið var komið að fótum fram. Sjóðir sem ríkisstjórnin hafði stofnað með miklum erlendum lántökum til þess að aðstoða atvinnulífið voru orðnir tómir. Viðræður vegna endurnýjunar kjarasamninga hófust í nóvember 1989, menn mættu þar til leiks ákveðnir í að reyna til þrautar þá leið sem hafði verið reynd árið 1986.

## Þjóðarsátt undirrituð

Þjóðarsáttarsamningur var undirritaður í febrúar 1990. Gildistími hans var til 15. september 1991, launahækkanir voru 5% á árinu 1990, en 4,5% árið 1991. Sérstakar launabætur voru greiddar á lægstu laun. Gert var ráð fyrir um 1% kaupmáttarskerðingu árið 1990, en aftur á móti hækkuðu kaupmáttar árið 1991. Áætlað var að verðbólgan yrði á bilinu 6-7%, sem hljómaði í hugum flestra landsmanna eins og óraunsæ óskhyggja. Fyrstu árin eftir þjóðarsátt ríkti nánast stöðnun í íslensku efnahagslífi. Hagvöxtur var lítill sem enginn á árunum 1990-95, um 0,4% á ári. Á þessum árum lækkaði verðbólgan hins vegar til muna, niður í tæp 1,4%. Næstu árin á eftir hélst hún á bilinu 1,5-2% en þá náði netbólan flugi og þrýstingur á verðlag tók að vaxa á ný og verðbólga óx í 3,4% árið 1999, 5,1% árið 2000 og 6,6% árið 2001. Laun hækkuðu um 2.700% áratuginn 1980-90. Áratuginn fram að aldamótum hækkuðu þau um 12% og síðan fyrsta áratug nýrrar aldar hækkuðu þau um 30%. Það er afleiðing þess að fastgengisstefnan var aflögð í byrjun aldarinnar og gengið margoft fellt og við vitum hvornig það endaði allt saman.



## UM HÖFUNDINN

Guðmundur Gunnarsson er fyrrverandi formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.

„Eftir að Viðreisnarstjórnin fór var áberandi að pólitísk stefnufesta varð minni. Hatrammar deilur milli stjórnmalamanna og -flokka urðu áberandi í keppni um að komast til valda.“

„Gengið seig enn einu sinni og hringekjan fór af stað með umfangsmiklum hækkunum á verðlagi.“

# Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



**Sendu sms-ið barn  
í númerið 1900**

til að styrkja neyðarstarf UNICEF um 1.900 krónur

**Söfnunarreikningur**

701-26-102040  
kt. 481203-2950

